

Stjórnartíðindi

2003 - B-deild - B123-125

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Rit B20-21 árið 2004 inniheldur endurprentaðar bls. 2523-2524.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 123-125

Nr. 807-830

2003

Efnisyfirlit B 123–125 2003

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
807	30. okt.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 830, 28. nóvember 2002, um síldveiðar með vörpu	2469
808	31. okt.	Auglýsing um deiliskipulag og breytingar á deiliskipulags- ætlunum í Reykjavík	2470
809	20. okt.	Reglugerð um geislavarnir við notkun opinna geislalinda	2471-2494
810	20. okt.	Reglugerð um sólarlampa	2494-2498
811	20. okt.	Reglugerð um geislavarnir við notkun lokaðra geislalinda ...	2499-2504
812	29. okt.	Gjaldskrá um gatnagerðargjald í Akraneskaupstað	2505-2508
813	30. okt.	Samþykkt um fráveitur og notkun og hreinsun rotþróa í Súðavíkurreppi	2508-2510
814	29. okt.	Auglýsing ríkisskattstjóra nr. 10/2003 um framlengingu á fresti skattstjóra til að afgreiða kærur vegna álagningar opinberra gjalda einstaklinga	2510
815	29. okt.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi og um deiliskipu- lag frístundabyggða í Grímsnes- og Grafningshreppi	2511
816	30. okt.	Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Súðavíkurreppi	2511-2513
817	29. okt.	Gjaldskrá um útgáfu leyfa til dýrahalds í atvinnuskyni sem ekki fellur undir búfjárhald	2513-2514
818	27. okt.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi á Akureyri	2514
819	28. okt.	Auglýsing um tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir „Álverið í Straumsvík“ í Hafnarfirði	2514
820	27. okt.	Auglýsing um umferð í Mosfellsbæ	2515
821	28. okt.	Gjaldskrá fyrir búfjárefirlit í Eyjafjarðarsveit	2515
822	28. okt.	Auglýsing um gjald vegna námskeiðs til undirbúnings prófi til að öðlast réttindi til að vera héraðsdómslögmaður	2516
823	31. okt.	Auglýsing um breytingu á grunnfjárhæðum skv. 4. og 6. gr., sbr. 22. gr. laga um erfðafjárskatt nr. 83/1984	2516
824	21. okt.	Samþykkt um afgreiðslu byggingarfulltrúa Fjarðabyggðar skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síð- ari breytingum	2516-2517
825	30. okt.	Auglýsing um deiliskipulag á Austur-Héraði	2518
826	31. okt.	Gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnarefirlit á varnarsvæðum	2518-2520
827	21. okt.	Auglýsing um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Ís- lands nr. 3/2003 um gildistöku reglna um skipan og starf- semi flugverndarnefnda flugvalla	2520
828	31. okt.	Reglugerð um hollustuhætti og mengunarvarnir á varnar- svæðum	2521-2522
829	31. okt.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, nr. 374/2001	2522-2524
830	31. okt.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 595, 8. ágúst 2003, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2003/2004	2524

STJÓRNARTÍÐINDI B 123 – 2003

30. október 2003

2469

Nr. 807

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 830, 28. nóvember 2002,
um síldveiðar með vörpu.

1. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða er orðast svo: Þrátt fyrir 2. málslíð 2. gr. er heimilt að stunda síldveiðar með vörpu á eftirgreindum svæðum:

1. Utan 12 sjómílna frá viðmiðunarlínu á svæði fyrir Vestfjörðum, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi vestur frá Blakknesi og að norðan af línu, sem dregin er réttvísandi í norðvestur frá Straumnesvita.
2. Á svæði austnord austur af Héraðsflóa, sbr. reglugerð nr. 724, 24. október 2002, um bann við veiðum með fiskbotnvörpu austnord austur af Héraðsflóa án smáfiskaskilju.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 713, 6. október 2003 um breytingu á reglugerð nr. 830, 28. nóvember 2002, um síldveiðar með vörpu.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. október 2003.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 124 – 2003

Nr. 808

2470

31. október 2003

AUGLÝSING

um deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Reitur 1.132.1, Naustareitur.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 7. október 2003, deiliskipulag fyrir reit 1.132.1, Naustareit.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Langholtsvegur 109-115.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur þann 24. september 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Langholtsveg 109-115, húsið Langholtsveg 115.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hólmsheiði, Almannadalur, hesthúsabyggð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur þann 24. september 2003, deiliskipulag fyrir Hólmsheiði, Almannadal, hesthúsabyggð.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 31. október 2003.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

Helga Bragadóttir.

REGLUGERÐ

um geislavarnir við notkun opinna geislalinda.

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um geislavarnir við notkun opinna geislalinda, sbr. 4. gr. Séu opnar geislalindir notaðar í læknisfræðilegum tilgangi, sbr. 60. gr., þá verður starfsemin einnig að uppfylla sérákvæði XII. kafla þessarar reglugerðar. Geislavarnir ríkisins geta sett nánari leiðbeiningar um geislavarnir vegna notkunar opinna geislalinda.

2. gr.

Geislavarnir ríkisins skipta starfsemi þar sem opnar geislalindir eru notaðar í 3 flokka, A, B og C, eftir því hversu mikið er notað af geislavirkum efnum, hver þessi efni eru og hvers eðlis vinnan er. Ákvæði XI. kafla gilda eingöngu um starfsemi í flokki A, þar sem notkun geislavirkra efna er veruleg. Ákvæði X. kafla gilda um starfsemi í flokki A og B, þar sem notkun geislavirkra efna er veruleg eða töluverð. Önnur ákvæði gilda um alla leyfis-skylda notkun opinna geislalinda.

3. gr.

Í þessari reglugerð gilda eftirfarandi skilgreiningar:

Ábyrgðarmaður: Starfsmaður með viðeigandi menntun og reynslu, tilnefndur af eiganda, til þess að bera í umboði hans ábyrgð á starfseminni hvað varðar geislavarnir.

Eftirlitssvæði: Vinnusvæði önnur en lokuð svæði þar sem grípa þarf til aðgerða til að verja starfsmenn og aðra gegn geislun.

Eigandi opinna geislalinda: Lögðili eða einstaklingur sem er skráður sem innflytjandi og/eða eigandi leyfis-skyldra opinna geislalinda samkvæmt reglugerð þessari. Eigandi getur gegnt hlutverki ábyrgðarmanns vegna geislavarna opinna geislalinda.

Einstaklingsgeisla-mælir: Geisla-mælir sem ákveðinn einstaklingur ber og ætlað er að meta þá geislun sem hann fær á allan líkamann, eða tiltekinn líkamshluta.

Geislaálag: Mat á magni geislunar þar sem heilsufarsleg áhætta einstaklings er lögð til grundvallar.

Geislageit: Geislavirkt efni, sem gefur af sér geislavirkt dótturefni sem nýta má sem opna geislalind í læknisfræðilegum tilgangi.

Geislalind: Skammtur af geislavirku efni, sem fjallað er um sem eina heild

Geisla-mælir: Mælitæki sem metur magn eða styrk (magn á tímaeiningu) tiltekins þáttar jónandi geislunar (til dæmis geislaálag). Geisla-mælir getur einnig haft það hlutverk, að gefnum vissum forsendum, að meta magn geislavirkni, t.d. geisla-mengun á svæði.

Geislaskammtur: Mælikvarði á magni jónandi geislunar, þar sem eðlisfræðileg áhrif eru lögð til grundvallar.

Geislstarfsmaður: Starfsmaður sem vegna vinnu sinnar getur orðið fyrir jónandi geislun, hvort sem hann er sjálfstætt starfandi eða í vinnu hjá öðrum, og líklegt er að hún leiði til geislaálags eða hlutgeislaálags umfram þau háþörk sem gefin eru fyrir almenning í reglugerð um háþörk geislaálags vegna starfsemi þar sem notuð er jónandi geislun.

Geislunarstyrkur: Magn geislunar (metið sem geislaálag) á tímaeiningu á einhverjum gefnum stað.

Gæðaeftirlit: Sá hluti gæðatryggingar sem tekur til aðgerða (skipulagningar, samhæfingar, framkvæmdar) sem ætlað er að viðhalda gæðum eða bæta þau. Gæðaeftirlit felur í sér að vakta, meta og halda innan settra marka öllum einkennandi þáttum fyrir virkni búnaðar sem hægt er að skilgreina, mæla og hafa eftirlit með.

Gæðatrygging: Sérhver skipulögð og skipuleg aðgerð sem nauðsynleg er til að skapa nægilegt traust á því að aðstaða, kerfi, kerfishlutar eða aðgerðir virki á fullnægjandi hátt og í samræmi við samþykktu staðla.

Hlutgeislaálag: Stærð sem metur líffræðileg áhrif jónandi geislunar í ákveðnum vef eða líkamshluta.

Hópálag: Mat á heilsufarslegri áhættu hóps vegna geislunar, margfeldi fjölda og meðalgeislaálags einstaklinganna í hópnum.

Hóprannsóknir: Læknisfræðilegar rannsóknir í vísindalegum tilgangi, á einkennalausum þáttakendum og þar sem notuð er jónandi geislun.

Innri geislun: Geislun frá geislavirku efni sem borist hefur í líkamann.

Jónandi geislun: Geislun frá geislavirkum efnum, röntgengeislun eða önnur geislun sem hefur hliðstæð líffræðileg áhrif.

Lokað svæði: Vinnusvæði þar sem starfsmenn geta orðið fyrir árlegu geislaálagi sem nemur meira en 30% árlegra hámarka. Vinnusvæði þaðan sem geislavirk efni geta dreifst og mengað önnur svæði og þar sem gera þarf ráðstafanir til þess að hindra slíkt.

Læknisfræðileg geislun: Sérhver geislun einstaklinga til greiningar eða meðferðar sjúkdóms, til vísindarannsókna eða í réttarfarslegum tilgangi.

Læknisfræðileg notkun opinnar geislalindar: Inngjöf opinnar geislalindar til sjúklings vegna sjúkdómsgreiningar eða lækningar.

Opin geislalind: Geislalind sem er ekki í þétu lokuðu hylki. Á rannsóknastofum og við læknisfræðilega notkun er almennt um geislavirka vökva að ræða þegar átt er við opnar geislalindir.

Réttlætting: Snýr að því mati ábyrgðarmanns og tilvísanda að í geisluninni skuli felast nægileg gagnsemi fyrir einstaklinginn sem vegur þyngra en hugsanleg skaðsemi geislunarinnar. Sérhver geislun einstaklingsins skal réttlætt fyrirfram að teknu tilliti til aðstæðna.

Skimun: Aðferð þar sem geislunarbúnaður er notaður til snemmgreininga hjá áhættuhópum.

Starfsemi: Starfsemi sem getur valdið geislun einstaklinga.

Starfsemi í flokki A: Starfsemi þar sem gera þarf verulegar sértækar ráðstafanir um geislavarnir.

Starfsemi í flokki B: Starfsemi þar sem gera þarf vissar sértækar ráðstafir vegna geislavarna.

Starfsemi í flokki C: Starfsemi sem krefst ekki sértækra ráðstafana vegna geislavarna.

Virkni: Mælikvarði á magn geislavirks efnis, með mælieiningunni meðalfjöldi kjarnbreytinga á tímaeiningu.

Ytri geislun: Geislun sem á upptök sín utan líkamans.

II. KAFLI Leyfisveitingar.

4. gr.

Leyfi Geislavarna ríkisins þarf til framleiðslu, innflutnings, eignar, geymslu, afhendingar og förgunar á geislavirkum efnum skv. 7. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir. Hvorki þarf leyfi vegna geislavirkra efna sé heildarmagn þeirra eða magn á massaeiningu undir mörkum er Geislavarnir ríkisins ákveða, né vegna sjálflysandi úra, vasaáttavita og annarra slíkra tækja sem innihalda mjög lítið af geislavirkum efnum eftir nánari leiðbeiningum Geislavarna ríkisins. Óheimilt er að hefja notkun geislavirkra efna án leyfis Geislavarna ríkisins, sbr. 9. gr. laganna.

Geislavarnir ríkisins tilgreina í leyfisbréfi magn og tegund opinna geislalinda sem má kaupa inn, geyma eða nota í einu auk annarra skilyrða er stofnunin setur.

Geislavarnir ríkisins geta afturkallað veitt leyfi fyrir innflutningi, eign, sölu, afhendingu og notkun á opnum geislalindum ef skilyrði stofnunarinnar eru ekki uppfyllt.

5. gr.

Leyfi vegna starfsemi þar sem opnar lindir eru notaðar er veitt til eins árs í senn. Umsókn um nýtt leyfi skal skila á eyðublöðum Geislavarna ríkisins eða á öðru formi sem stofnunin samþykkir. Eftirfarandi upplýsingar þurfa að koma fram í umsókninni eða í fylgiskjölum með henni:

1. Upplýsingar um fyrirhugaða notkun geislalinda.
2. Fyrir hverja kjarntegund skal áætla:
 - a. Árlega notkun að jafnaði.
 - b. Mestu daglega notkun.
 - c. Mestar birgðir.
3. Ábyrgðarmaður með notkun efna, menntun hans og staða á vinnustað sbr. 12. og 13. gr.
4. Upplýsingar um vinnusvæði, geymslur og grunnteikningar þeirra. Inn á teikningu skal merkja notkunar- og geymslustaði geislalindanna sbr. 29. gr.
5. Verklagsreglur vegna fyrirhugaðrar notkunar opinna geislalinda sbr. 25. gr.
6. Förgunaráætlun, sbr. reglur Geislavarna um förgun opinna geislalinda sbr. 49. gr.

Sé um læknisfræðilega notkun að ræða skal einnig leggja fram gögn til staðfestingar á að starfsemi uppfylli kröfur XII. kafla þessarar reglugerðar.

Með umsókn um nýtt leyfi skal fylgja leyfisgjald samkvæmt gjaldskrá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

6. gr.

Árleg endurnýjun leyfis er bundin því skilyrði að starfsemin uppfylli forsendur leyfisveitingar og að tilskyldum gögnum varðandi notkun opinna geislalinda hafi verið skilað. Tilskilin gögn eru: Árlegt yfirlit, sundurliðað eftir kjarntegundum, yfir öll aðföng geislavirkra efna (hvort heldur sem um er að ræða innflutning á eigin vegum eða með aðstoð umboðsmanns) og yfirlit yfir förgun geislavirkra efna, sundurliðað eftir kjarntegundum og förgunarleiðum (t.d. með skólpi, almennu sorpi eða öðrum hætti), auk annarra upplýsinga sem Geislavarnir ríkisins telja nauðsynlegar. Þessum upplýsingum skal skilað eigi síðar en 31. mars ár hvert.

7. gr.

Sé um nýja tegund starfsemi að ræða sem getur valdið jónandi geislun á fólk, þá skal, skv. 8. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir, fylgja mat á gagnsemi notkunarinnar í samanburði við áhættu á skaðlegum heilsufarsáhrifum sem geislunin getur haft. Óheimilt er að

hefja starfsemina fyrr en samþykki Geislavarna ríkisins liggur fyrir og að fengnu mati landlæknis þegar um læknisfræðilega starfsemi er að ræða. Starfsemi sem þegar fer fram skal endurskoða þegar fyrir liggja nýjar mikilvægar upplýsingar um gagnsemi hennar eða afleiðingar.

8. gr.

Þeim sem hefur fengið leyfi Geislavarna ríkisins til notkunar opinna geislalinda er heimilt, að fengnu samþykki stofnunarinnar, að gefa innflutningsaðila umboð til að annast innflutning geislavirkra efna fyrir sína hönd. Innflytjandinn þarf þá að sækja um leyfi til innflutnings fyrir þann eða þá sem hann hefur umboð fyrir. Umsókn um leyfi skal skila til Geislavarna ríkisins á eyðublaði stofnunarinnar eða á öðru formi sem stofnunin samþykkir. Umsækjandi skal hlíta ákvæðum reglugerðarinnar um innflutning og meðferð geislavirkra efna, þar á meðal hvað snertir vörslu, flutning og förgun opinna geislalinda, sbr. ákvæði IX. kafla þessarar reglugerðar. Leyfi gildir í eitt ár og er árleg endurnýjun þess bundin þeim skilyrðum að innflytjandi uppfylli forsendur leyfisveitingar og skili til Geislavarna ríkisins sundurliðuðu yfirliti, eigi síðar en 1. mars, yfir innflutning geislavirkra efna á liðnu ári.

9. gr.

Breyting á starfsemi, sem hefur áhrif á geislavarnir, er einnig háð leyfi Geislavarna ríkisins, sbr. 9. og 20. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir. Slík breyting getur t.d. verið breyting á umfangi notkunar opinna geislalinda, hvernig þær eru notaðar eða breyting á aðstöðu.

10. gr.

Tilkynna skal Geislavörnum ríkisins skriflega þegar notkun opinna geislalinda er hætt. Jafnframt skal þá senda stofnuninni lokauppgjör vegna notkunar og förgunar lindanna og greinargerð um hvernig tryggt hafi verið að öll vinnusvæði geti talist laus við geislamengun, sbr. 30. gr.

III. KAFLI

Kröfur til eiganda og ábyrgðarmanns.

11. gr.

Eigandi geislavirka efna ber ábyrgð á notkun efnanna og að öll starfsemi hvað geislavarnir varðar sé í samræmi við lög nr. 44/2002 um geislavarnir, reglugerðir, reglur og leiðbeiningar settar samkvæmt þeim.

Sá sem hefur fengið leyfi Geislavarna ríkisins til eignar og notkunar opinna geislalinda skal, skv. 10. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir, tilnefna ábyrgðarmann með viðeigandi menntun og reynslu. Tilnefningin er háð samþykki Geislavarna ríkisins.

12. gr.

Ábyrgðarmaður ber í umboði eiganda, skv. 10. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir, ábyrgð á að starfsemin sé í samræmi við þau lög, reglugerðir, reglur og leiðbeiningar settar samkvæmt þeim.

Áður en ábyrgðarmaður lætur af störfum skal eigandi leita samþykkis Geislavarna ríkisins á nýjum ábyrgðarmanni.

13. gr.

Ábyrgðarmaður skal uppfylla kröfur Geislavarna ríkisins hvað varðar menntun og þekkingu á eðli, eiginleikum og notkun jónandi geislunar sem og geislafræði og geislavörnum

eftir því sem við á hverju sinni miðað við þá starfsemi sem um er að ræða. Hann skal einnig hafa menntun og reynslu af notkun opinna geislalinda og beitingu geislavarna í tengslum við slíka notkun.

Sé um læknisfræðilega notkun að ræða, skal ábyrgðarmaður einnig uppfylla kröfur 61. gr.

IV. KAFLI

Skyldur ábyrgðarmanns.

14. gr.

Ábyrgðarmaður skal sjá til þess að starfsfólk sem vinnur við opnar geislalindir hafi hlotið viðeigandi fræðslu og þjálfun, sbr. 45. gr.

15. gr.

Ábyrgðarmaður skal sjá til þess að nauðsynlegur búnaður og tæki vegna geislavarna sé fyrir hendi, haldið við og notað eins og ætlast er til. Hann skal einnig sjá til þess að tæki, þar á meðal geislaælar, séu prófuð reglulega.

16. gr.

Ábyrgðarmaður skal sjá til þess að hugsanleg geislaengun sé mæld reglulega á vinnu-
svæðum, sbr. 32. gr. og niðurstöður skráðar og haldið til haga.

17. gr.

Ábyrgðarmaður skal sjá til þess að starfsfólk beri einstaklingsgeislaæla frá Geisla-
vörnum ríkisins við vinnu sína, sé þess krafist samkvæmt ákvæðum reglugerðar um háværk
geislunar starfsmanna og almennings vegna starfsemi þar sem notuð er jónandi geislun.

18. gr.

Ábyrgðarmaður skal sjá til þess að fyrir hendi séu viðeigandi skriflegar verklagsreglur
um notkun opinna geislalinda, sbr. 25. gr., og að farið sé eftir þessum reglum.

19. gr.

Ábyrgðarmaður skal sjá til að viðeigandi aðvörunarmerkingar skv. 35. gr. séu á vinnu-
staðnum.

20. gr.

Ábyrgðarmaður skal sjá til að ákvæðum 49. gr. um förgun geislavirkra efna sé fylgt.

21. gr.

Ábyrgðarmaður skal sjá til að ákvæðum 26. gr. um bókhald yfir notkun opinna geisla-
linda sé fylgt.

22. gr.

Ábyrgðarmaður skal sjá um að Geisla-
vörnum ríkisins sé tilkynnt samstundis um hvers
kyns óhöpp sem gætu hafa haft geislun á starfsfólk, eða almenning í för með sér eða leitt til
geislaengunar húsnæðis eða umhverfis. Einnig skal hann tilkynna samstundis um horfnar
opnar geislalindir, sbr. 48. gr.

V. KAFLI Skyldur starfsfólks.

23. gr.

Starfsfólk skal ávallt hafa geislavarnir í huga við vinnu sína. Það skal nota búnað til geislavarna samkvæmt fyrirætlunum, t.d. sjálfvirkar pípettur, hlífðarhanska, skerma og ílát fyrir geislavirkan úrgang. Nota skal einstaklingsmæla til eftirlits með geislun þar sem það er tilskilið í vinnuskipulagi. Starfsfólki ber að láta ábyrgðarmann vita ef búnaður er ekki í ásættanlegu ásigkomulagi með tilliti til geislavarna.

24. gr.

Komi upp hættuástand sem getur haft geislun á fólk í för með sér eins og t.d. þegar fólk, húsnæði eða búnaður verður fyrir geislaáhrifum skal starfsfólk eins fljótt og auðið er gera viðeigandi varúðarráðstafanir, koma í veg fyrir hættuna og tilkynna ábyrgðarmanni um atvikið. Starfsfólk skal án tafar tilkynna ábyrgðarmanni um atvik sem hugsanlega geta haft geislun á fólk í för með sér og ef geislalindir tynast.

VI. KAFLI Gæðaeftirlit.

25. gr.

Ábyrgðarmaður skal sjá til þess að skriflegar verklagsreglur séu í gildi á vinnusvæðum, þar sem skýrt kemur fram hlutverk og ábyrgð hvers og eins sem kemur að notkun opinna geislaáhrifa. Verklagsreglurnar skulu vera í samræmi við almennar kröfur um góða starfsemi rannsóknastofu. Þær skulu m.a. tilgreina verklag við:

1. Innkaup og innflutning.
2. Flutning frá innflutningsaðila og innan fyrirtækis.
3. Móttöku og geymslu.
4. Notkun.
5. Förgun.
6. Þrif geymslu- og vinnusvæða.
7. Viðbrögð við óhöppum og óvæntum atvikum.

Verklagsreglurnar skulu einnig tilgreina, eftir því sem við á:

1. Hversu mikið magn geislavirkra efna megi vera í geymslu og notkun á hverju vinnusvæði.
2. Hvaða reitir eða svæði geta hugsanlega verið geislaáhrifa og hversu mikil geislaáhrifa sé talin ásættanleg á hverju þeirra.

Ábyrgðarmaður skal einnig sjá til þess að í fjarveru sinni sé staðgengill til staðar og að skýrar línur séu um ábyrgðarskiptingu og vinnutíðingun í slíkum tilfellum.

26. gr.

Færa skal bókhald yfir notkun opinna geislaáhrifa vegna starfseminnar. Það skal veita fullnægjandi yfirlit yfir:

1. Aðföng hvernar kjarntegundar.
2. Meðalnotkun á ári og mestu daglega notkun.
3. Árlega förgun hvernar kjarntegundar eftir hverri förgunarleið (t.d. skólpi, almennu sorpi eða með öðrum hætti), sbr. 49. gr. Bókhald skal vera nægilega ítarlegt til þess að geta sýnt fram á að förgun sé innan leyfilegra marka og að unnt sé að leggja mat á dreifingu geislavirkra efna til umhverfis með viðunandi nákvæmni.

VII. KAFLI

Skipulag vinnu- og geymslusvæða.

27. gr.

Vinnusvæði þar sem unnið er með opnar geislalindir skulu uppfylla kröfur og vera flokkuð í lokuð svæði og eftirlitssvæði í samræmi við ákvæði 13. gr. reglugerðar nr. 627/2003 um háværk geislunar starfsmanna og almennings vegna starfsemi þar sem notuð er jónandi geislun.

Flokkun vinnusvæða skal endurskoða við breytingar á starfseminni geti þær haft áhrif á flokkunina.

Þegar unnið er með opnar geislalindir á rannsóknastofum, skal rannsóknastofan uppfylla öll almenn skilyrði sem gerð eru varðandi rekstur rannsóknastofa af viðkomandi gerð, t.d. hvað varðar innréttingar og skipulag.

28. gr.

Þegar vinna við opnar geislalindir er skipulögð skal leitast við að hafa alla vinnu við lindirnar á vel afmörkuðum reitum. Vinnusvæði og reitir skulu ekki vera dreifðari en þörf krefur. Flutningsleiðir á milli mismunandi reita og svæða skulu vera sem einfaldastar og stýstar. Geymslustaðir linda skulu vera þannig að auðvelt sé að komast að lindunum og bera kennsl á þær.

29. gr.

Senda skal Geislavörnum ríkisins teikningu af vinnusvæðum til samþykktar. Á teikningunni skulu öll vinnusvæði og reitir vera greinilega merktir, þar sem vinna með opnar geislalindir er fyrirhuguð. Öll geymslusvæði skulu einnig vera merkt, ennfremur mörk eftirlitssvæða og lokaðra svæða, sbr. 27. gr. Við breytingar skal senda Geislavörnum ríkisins endurskoðaðar teikningar til samþykktar.

30. gr.

Tryggt skal að öll svæði og reitir, sem ekki eru flokkuð sem hugsanlega geislaengud, sbr. 2. tölul. 2. mgr. 25. gr. séu laus við geislaengun. Vinnu skal skipuleggja þannig að sem minnst hætta verði á dreifingu geislaavirkra efna út fyrir vinnureitinn. Beita skal stígskiptri vörn með viðeigandi hætti, þannig að berist efni út fyrir eitt varnarlag, þá sé annað varnarlag þar fyrir utan sem takmarki frekari dreifingu. Á vinnureit skal að jafnaði vera útskiptanlegur flötur sem drekkur í sig og bindur hugsanlega geislaengun, t.d. þerripappír með plastundirlagi. Yfirborð veggja, gólfs og innréttinga skal vera þannig að auðvelt sé að þrifa.

31. gr.

Tryggt skal að óviðkomandi komist ekki inn á vinnusvæði þar sem unnið er með opnar geislalindir eða svæði sem eru hugsanlega geislaengud, sbr. 2. tölul. 2. mgr. 25. gr. og sbr. 13. og 14. gr. í reglugerð nr. 627/2003 um háværk geislunar starfsmanna og almennings vegna starfsemi þar sem notuð er jónandi geislun.

32. gr.

Viðeigandi mælibúnaður skal vera aðgengilegur vegna starfseminnar. Mæla skal reglulega hugsanlega geislaengun á vinnusvæðum. Það skal gera í hvert sinn ef grunur leikur á að mengun kunní að hafa borist á hrein svæði og eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Mæla skal þá fleti sem mengun gæti hugsanlega hafa borist á, innréttingu jafnt sem mælitæki. Skrá skal og varðveita niðurstöður þessara mælinga. Finnist geislaengun á svæðum sem eiga að vera hrein skal leita skýringa og grípa til viðeigandi endurbóta á verklagsreglum. Skrá skal slíkar breytingar.

33. gr.

Styrkur geislunar á og frá geymslusvæði skal vera eins lítill og kostur er með tilliti til aðstæðna. Geislunarstyrkur við ytri mörk geymslu má ekki fara yfir $7,5 \cdot \mu\text{Sv/klst.}$ og geislunarstyrkur frá geymslusvæði á vinnusvæði í grennd skal ekki vera meiri en $2,5 \cdot \mu\text{Sv/klst.}$ Sömu hámarks skulu gilda fyrir sjúklinga og almenning þegar um geislun frá geymslusvæðum er að ræða.

34. gr.

Geymsluflát undir opnar geislalindir skulu vera þannig að tryggt sé að þau geti geymt efnið með öruggum hætti í áætlaðan tíma. Þetta skal gilda jafnt um stofnlausnir, þynntar vinnulausnir og úrgang. Íllátið skal vera merkt með tákni viðkomandi kjarntegundar og áætluðu magni hennar á tilgreindum tíma. Geymslustaður skal vera þannig að auðvelt sé að þrifa hann. Rokgjarnar geislalindir skal geyma í sogskáp eða öðrum stað þar sem loftræsting er góð.

35. gr.

Aðvörunarmerkingar skulu að lágmarki vera þannig að tryggt sé að enginn geti nálgast reit eða svæði þar sem geislalind eða geislaengun er hugsanlega að finna án þess að viðeigandi aðvörunarmerking hafi orðið á vegi hans. Við takmarkaða vinnu innan vel afmarkaðs reits getur verið nægilegt að hafa merkingu utan við jaðar reitsins. Við umfangsmeiri vinnu getur þurft að hafa merkingu við aðkomu á svæðið, t.d. við dyr. Aðvörunarmerkingar skulu vera í samræmi við alþjóðlega staðla um aðvörunarmerkingar vegna jónandi geislunar og með viðeigandi áletrun á íslensku.

VIII. KAFLI

Geislavarnir starfsfólks og almennings.

36. gr.

Skipuleggja skal alla notkun opinna geislalinda þannig, að sem minnst geislaálag og hópálag hljóttist af notkuninni, að teknu skynsamlegu tilliti til aðstæðna. Með sama hætti skal skipuleggja vinnu og förgun þannig að sem minnst magn geislavirkra efna berist til umhverfis.

37. gr.

Geislaálag og hlutgeislaálag starfsmanna og almennings vegna starfseminnar skal vera neðan þeirra marka sem tilgreind eru í 4.-10. gr. reglugerðar nr. 627/2003 um hámarks geislunar starfsmanna og almennings vegna starfsemi þar sem notuð er jónandi geislun. Reikna skal geislaálag vegna geislavirks efnis sem berst inn í líkama eins og það komi allt fram strax.

Starfsmenn sem teljast geislastarfsmenn skulu vera flokkaðir í flokk A og flokk B skv. 12. gr. reglugerðar nr. 627/2003 um hámarks geislunar starfsmanna og almennings vegna starfsemi þar sem notuð er jónandi geislun.

Eftirlit með geislaálagi starfsmanna skal vera í samræmi við 15. - 18. gr. reglugerðar nr. 627/2003 um hámarks geislunar starfsmanna og almennings vegna starfsemi þar sem notuð er jónandi geislun.

Flokkun starfsmanna og vinnusvæða skal endurskoða við breytingar á starfseminni geti þær haft áhrif á flokkunina.

38. gr.

Konur á barnsburðaraldri sem vinna við jónandi geislun skulu fá sérstaka fræðslu um hugsanleg skaðleg áhrif jónandi geislunar á fóstur og um mikilvægi þess að tilkynna vinnu-

veitanda fljótt verði þær barnshafandi, sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 627/2003 um háværk geislunar starfsmanna og almennings vegna starfsemi þar sem notuð er jónandi geislun. Geislavarnir barnshafandi konu skulu vera í samræmi við ákvæði 10. gr. sömu reglugerðar.

39. gr.

Við vinnu við opnar geislalindir skal nota hanska og hlífðarklæði með viðeigandi hætti til að takmarka ytri geislun á líkamann og koma í veg fyrir að geislavirkar kjarntegundir geti borist inn í líkama starfsmanna. Jafnframt skal þess þó gætt að bera ekki smit frá hugsanlega menguðum reitum yfir á hrein svæði. Nota skal viðeigandi geislahlífur (blý, blýglar, plexiglar) þar sem þess er kostur til að draga úr styrk geislunar, t.d. á húð og hendur og viðeigandi hlífðarbúnað til að koma í veg fyrir beina snertingu við opnar geislalindir.

40. gr.

Á vinnusvæðum þar sem unnið er með opnar geislalindir má ekki geyma eða neyta matar eða drykkja. Sömu leiðis er óheimilt að nota tóbak, snyrtivörur og annan ámóta varning á slíkum vinnusvæðum.

41. gr.

Allri vinnu skal haga þannig að hætta á geislaþengun verði sem minnst. Forðast skal innöndun lofttegunda, gufu, ryks og úða sem innihalda geislavirkar kjarntegundir, t.d. með því að vinna með opnar geislalindir í sogskáp eða lokuðu kerfi.

42. gr.

Við notkun opinna geislalinda við rannsóknir á dýrum skal gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir hættu vegna dreifingar geislavirkra kjarntegunda frá dýrunum við öndun og þvag- og saurlát.

43. gr.

Fyrir, við og eftir vinnu með opnar geislalindir skal framkvæma viðeigandi mælingar til að fylgjast með geislaþengun vinnusvæða, fatnaðar, handa og búnaðar.

Verði mengunar vart skal hreinsa hana upp eins fljótt og auðið er. Sé ekki mögulegt að hreinsa mengun algerlega skal ganga þannig frá geislaþengunum reit, að tryggt sé að mengunin sé bundin og berist ekki út frá honum.

44. gr.

Þegar vinnusvæði er yfirgefið, þar sem opnar geislalindir hafa verið notaðar, skal þvo hendur og tryggja, t.d. með mælingu, að húð og föt séu laus við geislaþengun. Tryggt skal að allir hlutir sem teknir eru út af slíku vinnusvæði séu ekki geislaþengaðir.

45. gr.

Allir geislastarfmenn skulu hljóta viðeigandi fræðslu áður en starfsemin hefst og endurmenntun eftir þörfum á meðan notkun stendur. Fræðslan skal meðal annars fjalla um:

1. Þá heilsufarslegu áhættu sem starfið felur í sér.
2. Almenna undirstöðu geislaþengna og þær varúðarráðstafanir sem þarf að viðhafa í starfinu, bæði almennt og við tiltekna verkþætti þar sem við á.
3. Gildandi lög, reglugerðir, reglur og leiðbeiningar um geislaþengna vegna starfsmanna.
4. Nauðsyn þess að fylgja tæknilegum, læknisfræðilegum og stjórnumarlegum forskriftum.
5. Nauðsyn þess að konur tilkynni þungun til ábyrgðarmanns eða staðgengils hans, svo gera megi ráðstafanir til að draga úr geislun á fóstur og draga úr líkum á að geislaþengun berist til barns á brjósti.

IX. KAFLI

Varsla, flutningur og förgun opinna geislalinda.

46. gr.

Geislavirk efni skulu ávallt vera tryggilega varin gegn þjófnaði og því að þau komist í hendur óviðkomandi. Viðeigandi ráðstafanir skulu einnig gerðar til að draga úr áhættu vegna bruna, vatnsskaða og annarra tegunda tjóna. Herbergi þar sem geislavirk efni eru geymd skal vera læst þegar enginn er að vinna þar og það skal ekki notað undir aðra starfsemi. Séu opnar geislalindir geymdar utan svæðis viðkomandi starfsemi, þá verður eigandi að geta sýnt fram á að fullnægjandi öryggi sé engu að síður tryggt.

47. gr.

Eigandi geislavirkra efna ber ábyrgð á að þau séu ætíð flutt með trygguum hætti og í samræmi við alþjóðlegar reglur þar um. Sama gildir um innflytjendur geislavirka efna, sbr. 8. gr. Flutningur geislavirkra efna til og frá notkunarstað skal vera eftir skriflegum verklagsreglum. Þær skulu tryggja fullnægjandi öryggi í flutningi og að móttaka og afhending efna sé bókfærð. Eigandi ber ábyrgð á að þessar reglur séu settar og þeim fylgt, nema um sé að ræða flutninga á vegum annarra, t.d. akstur með efni til eða frá vinnustað. Í slíkum tilvikum ber viðkomandi flutningsaðili ábyrgð á verklagsreglum og að þeim sé fylgt. Einnig ber slíkur flutningsaðili ábyrgð á að viðeigandi reglum sé fylgt um flutning geislavirkra efna, t.d. vegna flutnings á vegum eða með flugi.

48. gr.

Tilkynna ber Geislavörnum um óhöpp eða atvik sem hafa, geta eða hefðu getað leitt til aukins geislaálags starfsfólks eða annarra. Ennfremur skal tilkynna án tafar ef grunur leikur á að efni hafi horfið úr vörslu þess sem leyfi hefur til notkunar eða í flutningi.

49. gr.

Förgun geislavirkra efna skal vera í samræmi við reglur Geislavarna ríkisins, sbr. 12. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir, sjá nánar reglur Geislavarna ríkisins um förgun úrgangs vegna vinnu við opnar geislalindir í viðauka 1 við þessa reglugerð. Eiganda er skylt að halda bókhald yfir það magn geislavirkra efna sem fargað er eftir hverri förgunarleið, sbr. 26. gr.

X. KAFLI

Sérákvæði vegna starfsemi í flokki A og B.

50. gr.

Sérákvæði X. og XI. kafla, eru kröfur sem gilda til viðbótar þeim almennu kröfum sem lýst er í öðrum köflum reglugerðarinnar.

51. gr.

Starfsemin skal byggjast á gæðahandbók. Þar skal koma fram:

1. Afrit af leyfi til notkunar opinna geislalinda með þeim skilmálum sem þar eru tilgreindir.
2. Uppbygging geislavarnaskipulags á vinnustað og verkaskipting.
3. Verklagsreglur við einstök verk.
4. Reglur varðandi þjálfun og menntun starfsfólks.
5. Flokkun á vinnusvæðum og starfsfólki með tilliti til geislunarlegrar áhættu, sbr. 12. og 13. gr. reglugerðar nr. 627/2003 um háþörf geislunar starfsmanna og almennings vegna starfsemi þar sem notuð er jónandi geislun. Sérstaklega skal meta hvort líklegt sé að geislastarfsmenn lendi í flokki A.

6. Leiðbeiningar varðandi einstaklingsbundið eftirlit með geislaálagi starfsfólks.
7. Áætlun varðandi mat á geislamengun, með viðeigandi aðgerðamörkun.
8. Aðferð við mat á geislaálagi vegna efna sem kunna að berast inn í fólk.
9. Verklagsreglur við aðföng geislavirkra efna, þar á meðal staðfestingu móttöku þeirra og innskráningu.
10. Leiðbeiningar varðandi flutning geislalinda innan stofnunar og geymslu þeirra.
11. Viðbragðsáætlun vegna hugsanlegra óhappa og frávíka sem geta valdið auknu geislaálagi.
12. Verklagsreglur um bókhald varðandi notkun geislavirkra efna.
13. Verklagsreglur um þrif á vinnusvæðum.
14. Verklagsreglur um eigið innra eftirlit með tilliti til geislavarna.

52. gr.

Vinnusvæði þar sem unnið er með opnar geislalindir skulu vera til þeirra nota eingöngu. Þar skal ekki vera annar búnaður en þarf til þessarar vinnu.

53. gr.

Yfirborð innréttinga, veggja og gólfs skal vera samfelld og þannig að sem auðveldast sé að þrifa hugsanlega geislamengun.

Á vinnustað skal vera svæði þar sem unnt er að þvo hendur, skipta um hlífðarföt og mæla hugsanlega geislamengun. Þar skal vera að minnsta kosti einn vaskur með krönum sem ekki er stjórnað með höndum.

54. gr.

Vinna við rokgjörn geislavirk efni skal fara fram í sogskáp eða öðrum sambærilegum búnaði. Loftsog frá skápnem skal vera þannig að tryggt sé að loftborin geislamengun berist ekki til annarra svæða. Hafa skal reglubundið bókfært eftirlit með að sogskápur vinni rétt.

Sogskápar, vinnuborð og gólf skulu vera nægilega traust til að geta borið þær geisla-hlífar sem kann að vera nauðsynlegt að beita.

55. gr.

Geislamælir við hæfi miðað við vinnu skal vera á vinnustað. Viðeigandi starfsfólk skal hafa þjálfun í rétttri beitingu mælis og túlkun á mælingum.

Í lok hverrar vinnulotu skal leita geislamengunar á viðkomandi starfsfólki og vinnusvæðum.

Hlífðarföt sem notuð eru á hugsanlega geislamenguðum svæðum má ekki nota utan þeirra. Gæta skal að geislamengun á búnaði sem fluttur er út frá vinnusvæðum.

56. gr.

Allir starfsmenn sem vinna reglulega við vinnu þar sem hætt er við að geislamengun berist inn í líkamann skulu sæta sérstöku eftirliti vegna þessa. Skilgreina skal í gæðahandbók hvernig geislaálag þessara starfsmanna af völdum innri geislamengunar er metið. Aðferðir við slíkt mat eru háðar samþykki Geislavarna ríkisins.

57. gr.

Vinna við opnar geislalindir skal skráð í dagbók. Þar skal koma fram:

1. Kjarntegund og magn sem unnið var með.
2. Tegund vinnu.
3. Hver hafi unnið verkið og hvenær.

4. Atvik eða óhöpp sem kunna að hafa komið upp og hafa þýðingu með tilliti til geislavarna.
5. Niðurstöður mælinga á geisla- og hvort grípa hafi þurft til hreinsunar.

XI. KAFLI

Sérákvæði vegna starfsemi í flokki A.

58. gr.

Á vinnustaðnum skal vera sérfræðingur með góða grunnþekkingu og þjálfun á því sviði geislavarna sem viðkomandi starfsemi krefst, að mati Geislavarna ríkisins. Við mat á hæfniskröfum skulu viðmiðanir Evrópusambandsins hafðar til hliðsjónar.

Viðkomandi sérfræðingur skal geta vottað hæfni sína með fullnægjandi hætti að mati Geislavarna ríkisins.

Menntun og endurmenntun annarra starfsmanna skal vera viðeigandi miðað við þau störf er þeir gegna.

59. gr.

Geislavarnir ríkisins gera sérstakar kröfur til húsnæðis, innréttinga, búnaðar og vinnu- skipulags og skal höfð hliðsjón af kröfum Evrópusambandsins varðandi slíka starfsemi.

XII. KAFLI

Sérákvæði vegna læknisfræðilegrar notkunar opinna geislalinda.

60. gr.

Sérákvæði þessa kafla gilda um alla notkun opinna geislalinda, sem felur í sér inngjöf til fólks. Ákvæðin koma til viðbótar þeim kröfum sem lýst er í öðrum köflum þessarar reglugerðar. Þau gilda einnig um notkun sem felur í sér inngjöf vegna vísindarannsókna og rannsókna í réttarlæknisfræði.

61. gr.

Öll starfsemi þar sem geislavirk efni eru gefin fólki skal vera undir stjórn ábyrgðarmanns sem er sérmenntaður á viðkomandi sviði lækninga. Hann skal uppfylla kröfur Geislavarna ríkisins hvað varðar menntun og þekkingu á eðli, eiginleikum og notkun jónandi geislunar sem og geislalíffræði og geislavörnum eftir því sem við á hverju sinni miðað við þá starfsemi sem um er að ræða.

Ábyrgðarmaður skal einnig hafa nægilega menntun og reynslu til að meta réttlætingu læknisfræðilegrar geislunar eftir því sem við á hverju sinni að mati Geislavarna ríkisins.

Kröfur Geislavarna ríkisins um menntun og þekkingu ábyrgðarmanna skulu taka mið af reglum og leiðbeiningum Evrópusambandsins hverju sinni, s.s. Radiation Protection 116 – Guidelines on education and training in radiation protection for medical exposure.

62. gr.

Ábyrgðarmaður ber, fyrir hönd eigenda, ábyrgð á að kröfur laga nr. 44/2002 um geislavarnir, reglugerða, reglna og leiðbeininga settra með stoð í þeim séu uppfylltar.

Ábyrgðarmaður ber einnig ábyrgð á að fyrir hendi sé nægileg þekking á geislæðlisfræði, miðað við eðli og umfang starfsemi, til að tryggja:

1. Yfirsýn yfir geislavarnaþátt starfseminnar.
2. Uppbyggingu og rekstur gæðatryggingakerfis fyrir tækjabúnað jafnt sem vinnubrögð.
3. Úttekt á nýjum greiningar- og lækningaraðferðum með tilliti til geislavarna allra hlutaðeigandi (sjúklinga jafnt sem starfsfólks).

4. Mótun vinnureglna um umönnun og leiðbeiningar til sjúklinga sem hafa fengið geislavirk efni í læknisfræðilegum tilgangi.
5. Áreiðanlegar mæliaðferðir við mat á magni þeirra geislavirku efna sem gefin eru sjúklingum og áreiðanlegt gæðaeftirlit.
6. Skipulagningu og eftirlit með geislavörnum við ný vinnusvæði og breytingar á eldri svæðum.
7. Viðeigandi fræðslu um geislavarnir fyrir starfsfólk.
8. Verkferla við eftirlit með geislaálagi starfsfólks.
9. Þróun og ábyrgð á verkferlum vegna flutnings og förgunar á geislavirkum efnum.

63. gr.

Ábyrgðarmaður skal sjá til þess að allt starfsfólk sem framkvæmir læknisfræðilegar rannsóknir eða meðferð með opnum geislalindum hafi fengið þjálfun í réttum vinnubrögðum og hafi öðlast nægilega færni til verksins.

Ábyrgðarmaður skal einnig sjá til þess að starfsfólk kunni skil á hvernig brugðist skuli við rangri inngjöf opinna geislalindar og öðrum óhöppum sem kunna að verða við notkun opinna geislalinda í læknisfræðilegum tilgangi og leiða til aukningar á þeim geislaskammti sem sjúklingurinn verður fyrir.

64. gr.

Ábyrgðarmaður skal sjá til þess að starfsfólk sem framkvæmir rannsóknir og meðferð með opnum geislalindum fái viðeigandi símenntun og starfsþjálfun. Þetta á sérstaklega við þegar ný tækni og búnaður er tekin í notkun.

65. gr.

Sá sem gefur út tilvísun um rannsókn eða meðferð með opnum geislalindum, skal sjá um að þær upplýsingar fylgi sem skipta máli vegna fyrri rannsókna og meðferða. Ábyrgðarmaður skal sjá um að upplýsingarnar séu metnar áður en ákvörðun um rannsóknina/meðferðina er tekin.

66. gr.

Ábyrgðarmaður eða sá sem hann felur framkvæmdina, skal taka ákvörðun um hvort rannsókn eða meðferð þar sem notuð er opin geislalind sé réttlæt看leg og hvort hún skuli framkvæmd. Í matinu skal skoða sérstaklega hvort mögulegt sé að beita öðrum aðferðum sem ekki byggja á notkun jónandi geislunar.

67. gr.

Ábyrgðarmaður skal sjá til þess að sjúklingar fái viðeigandi upplýsingar um áhættu og hugsanlegar aukaverkanir af rannsókn eða meðferð með opinni geislalind.

68. gr.

Ábyrgðarmaður skal sjá til þess að komið verði á fót og viðhaldið virku gæðakerfi, sbr. 71. gr., og að fyrir sérhverja tegund meðferðar eða greiningar með opinni geislalind séu gerðar skriflegar leiðbeiningar um:

1. Val á opinni geislalind og einstaklingsbundna geislaáætlun.
2. Geislavarnir starfsfólks, þar á meðal umgengni við sjúkling eftir inngjöf geislavirkra lausnar.
3. Sjúklingaráðgjöf, þar á meðal leiðbeiningar vegna umgengni við vandamenn og aðra.

69. gr.

Ef sjúklingi er gefinn inn of stór skammtur geislavirks efnis, skal ábyrgðarmaður sjá til þess að ástæða ofskömmtunar sé fundin og gripið sé til viðeigandi ráðstafana til þess að koma í veg fyrir að það endurtaki sig.

70. gr.

Menntun starfsfólks skal vera fullnægjandi með tilliti til geislavarna. Kröfur og vinnureglur um menntun starfsfólks skulu vera skriflegar. Þar skal koma fram hvaða menntunarkröfur eru gerðar til hvers þáttar starfseminnar. Sérstaklega skal tryggja fullnægjandi menntun starfsfólks sem að jafnaði sér um rannsóknir á börnum, hóprannsóknir eða vinnur við greiningu eða meðferð sem hefur í för með sér mjög mikið geislaálag á sjúklinga.

71. gr.

- Starfsemin skal hafa gæðakerfi með gæðahandbók sem m.a. lýsir, eftir því sem við á:
1. Öllu ferlinu frá tilvísun sjúklings, öflun upplýsinga um niðurstöður fyrri rannsókna, undirbúning sjúklings, rannsókn sjúklings, til lýsingar á rannsókn og svars með niðurstöðum rannsókna.
 2. Þeim verklagsreglum sem tryggja eiga að réttur sjúklingur fái réttan skammt af réttu geislavirku efni.
 3. Greiningu á frávikum á niðurstöðum hvað varðar sjúkdómsgreiningu, meðferð og myndgæði, eftir því sem við á.
 4. Sérstökum verklagsreglum vegna inngjafar til barna, m.a. til að tryggja viðeigandi skammtastærðir.
 5. Grunnreglum við úrbætur, þ. á m. aðgerðum til að draga úr áhrifum rangrar inngjafar.
 6. Verklagsreglum vegna geislalinda í látnum sjúklingum.
 7. Verklagsreglum vegna gæðaeftirlits með tækjum og öðrum búnaði sem notaður er, t.d. gammamyndavél og geislaálag.
 8. Verklagsreglum við innkaup, kvörðun, meðhöndlun og viðhald á geislavarnabúnaði, tækjum til að greina kjarntegundir og meta magn þeirra, þ. á m. móttöku- og stöðugleikaprófánir.
 9. Skipulagi menntunar starfsfólks sem vinnur við opnar geislalindir.

72. gr.

Vinnusvæði þar sem unnið er með opnar geislalindir vegna læknisfræðilegrar notkunar skal uppfylla þær kröfur sem gerðar eru almennt til vinnu með viðkomandi magn (virkni) opinna geislalinda. Inngjöf til sjúklinga skal fara fram á svæði sem er auðvelt að þrifa og sem hentar fyrir viðkomandi notkun opinnar geislalindar. Vinnusvæði þarf einnig að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru vegna viðkomandi lyfjagerðar.

73. gr.

Vinnusvæði þar sem geislageitur eru notaðar skulu hafa nægilegar geislahlífar til að skerma styrk geislunar frá geitinni og geislavirkum lausnum frá henni, þannig að styrkur geislunar utan vinnusvæðis fari ekki yfir 2,5 $\mu\text{Sv/klst}$. Þess skal einnig gætt að borð og aðrir burðarpletir hafi nægilegt þol til að bera nauðsynlegar geislahlífar.

74. gr.

Purfi sjúklingur að dvelja á sjúkrahúsi eftir inngjöf geislavirks efnis, þá skal koma honum þannig fyrir að aðrir sjúklingar, gestir og starfsfólk verði fyrir sem minnstri geislun.

75. gr.

Sérhver læknisfræðileg meðferð/greining skal byggjast á einstaklingsmiðaðri skipulagningu geislunar. Hún skal vera þannig að vefur sem meðferð eða greining beinist að fái nægilega geislun til þess að tilætluð áhrif komi fram, en geislun á aðliggjandi heilbrigða vefi verði eins lítil og unnt er. Sé þess kostur skal beita efnafræðilegum aðferðum til að draga úr upptöku geislavirkra efna í óviðkomandi líffæri og til að hraða losun þeirra úr líkamanum að notkun lokinni.

Þegar um börn og unglunga er að ræða skal þess gætt sérstaklega að nota eins lítið magn geislavirkra efna og unnt er án þess að rýra læknisfræðilegt meðferðar- eða greiningargildi.

Ábyrgðarmaður ber ábyrgð á að magn geislavirka efnisins sé mælt fyrir hverja inngjöf og að slík eftirlitsmæling sé staðfest skriflega.

76. gr.

Við skipulag rannsókna eða meðferðar á konu á barnsburðaraldri skal taka tillit til hvort hún geti verið barnshafandi eða með barn á brjósti. Sé hún barnshafandi eða geti verið það, þá skal meta sérstaklega hversu áriðandi rannsóknin eða meðferðin er með tilliti til áhættu fósturs. Einnig skal gefa ráð um hversu lengi ástæða sé til að forðast þungun.

Ef konan er með barn á brjósti, skal veita henni upplýsingar um rannsóknina eða meðferðina og hvort og þá hversu lengi þurfi að fella niður brjóstagjöf í kjölfar inntöku geislavirka efnisins.

77. gr.

Ábyrgðarmaður ber ábyrgð á að fylgt sé settum verklagsreglum um hvernig sjúklingur sem hefur fengið geislavirkt efni sé útskrifaður. Í þessum verklagsreglum skal einnig koma fram viðmiðunargildi fyrir hversu mikið af geislavirkum efnunum megi vera í sjúklingi við útskrift. Til viðmiðunar skal hafa það geislaálag sem aðstandendur og almenningur getur orðið fyrir.

Áður en sjúklingur yfirgefur sjúkrahús skal ábyrgðarmaður sjá til þess að sjúklingurinn og/eða nánir aðstandendur eftir því sem við á, fái viðeigandi leiðbeiningar. Upplýsingar skulu vera skriflegar og settar fram við hæfi leikmanna.

78. gr.

Ábyrgðarmaður skal eigi síðar en 31. mars ár hvert sjá til að sent sé yfirlit til Geisla-varna ríkisins um notkun opinna geislaalda í læknisfræðilegum tilgangi. Tilgreina skal fyrir hverja tegund, fjölda þeirra rannsókna og meðferða sem framkvæmdar hafa verið, hvaða geislavirk efni hafi verið notuð og meðaltal þess magns (tilgreint sem virkni) sem gefið var.

79. gr.

Sá læknir sem gefur út beiðni um rannsókn eða meðferð sem felur í sér inngjöf geislavirkra efna til sjúklinga, skal sjá til þess að beiðnin sé réttlætlanleg að teknu tilliti til ein-kenna og ástands sjúklings svo og áætlaðrar niðurstöðu rannsóknar eða meðferðar. Við mat á réttlætningu skal einnig taka tillit til notkunar annarrar viðurkenndrar tækni sem ekki byggir á jónandi geislun.

Hann skal jafnframt:

1. Upplýsa um fyrri slíkar rannsóknir eða meðferð sem skiptir máli og hann hefur vitneskju um.
2. Fylgja leiðbeiningum/fyrirmælum ábyrgðarmanns um tilvísanir vegna rannsókna og meðferða.

Jafnframt skal taka mið af leiðbeiningum landlæknisembættisins á þessu sviði.

Á tilvísun skal koma skýrt fram hver tilvísandinn er. Tilvísandi skal gera grein fyrir þeim læknisfræðilegu einkennum sem réttlæta rannsókn eða meðferð. Ef sjúklingur er kona á barnseignaraldri skal koma fram hvort hún sé barnshafandi.

80. gr.

Geislavarnir ríkisins annast mat á geislaálagi sjúklinga vegna rannsókna þar sem opnum geislalindum er beitt, sbr. 5. t. l. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir. Slíkt mat skal fara fram á fimm ára fresti. Þeir sem hafa með höndum slíka starfsemi skulu, sbr. 5. mgr. 5. gr. sömu laga, láta stofnuninni í té nauðsynlegar upplýsingar, sbr. 81. gr., til þess að matið verði eins raunhæft og kostur er.

81. gr.

Fyrir hverja tegund læknisfræðilegra rannsókna þar sem opnum geislalindum er beitt, skal reikna meðaltal inngjafar, skrá og varðveita. Skráning skal vera með þeim hætti að unnt sé að meta meðalgeislaálag sjúklinga með sem raunhæfustum hætti.

82. gr.

Geislavarnir ríkisins gefa út viðmiðunarmörk við rannsóknir þar sem opnum geislalindum er beitt samkvæmt nánari ákvörðun stofnunarinnar. Viðmiðanirnar skulu byggja á niðurstöðum er fást við reglubundið mat á geislaálagi sjúklinga við slíkar rannsóknir, sbr. 81. gr., auk upplýsinga um meðalmagn inngefinna efna, sbr. 78. gr., sem og norrænum og evrópskum viðmiðunum. Reynist þetta meðalmagn yfir viðmiðunarmörkum skal viðkomandi heilbrigðisstofnun eða fyrirtæki grípa til viðeigandi ráðstafana.

83. gr.

Réttarfarslegar rannsóknir og rannsóknir vegna úrskurðar í tryggingamálum og þar sem notaðar eru opnar geislalindir eru aðeins heimilar með fúsum og frjálsum vilja þess sem í hlut á og skulu niðurstöður geta gagnast honum.

84. gr.

Skv. 16. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir er sérhver vísindaleg rannsókn og skimun sem felur í sér að þátttakendur verða fyrir jónandi geislun háð leyfi Geislavarna ríkisins samkvæmt nánari skilyrðum, m.a. um geislaálag þátttakenda, sem stofnunin setur. Óheimilt er að hefja slíka geislun fyrir en leyfi stofnunarinnar liggur fyrir og að fengnu álitum landlæknisembættisins.

85. gr.

Í umsókn um leyfi skal, auk ítarlegra upplýsinga um rannsóknina/skimunina, framkvæmd hennar og tilgang, koma fram áætlað geislaálag hvers þátttakanda og sú áhætta á krabbameini sem hún getur valdið, fjöldi þátttakenda og aldursdreifing þeirra sem og annað sem máli skiptir með tilliti til geislavarna.

86. gr.

Þátttaka í rannsóknnaverkefni eða skimun sem felur í sér geislun þátttakenda skal vera með fúsum og frjálsum vilja þeirra sem taka þátt í því. Þátttakendur skulu veita upplýst samþykki og vera fræddir um þá áhættu sem um getur verið að ræða vegna þeirrar geislunar sem þeir verða fyrir.

XIII. KAFLI Eftirlit Geislavarna ríkisins.

87. gr.

Geislavarnir ríkisins annast reglubundið eftirlit með notkun opinna geislalinda sbr. 17. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir. Í því skyni skal starfsmönnum Geislavarna ríkisins heimill aðgangur að sérhverjum þeim stað þar sem geislalindirnar eru notaðar og geymdar. Starfsmönnum skal einnig heimill aðgangur að þeim gögnum er varða geislavarnir vegna notkunar opinna geislalinda og vísað er til í þessari reglugerð. Þess ber að gæta að eftirlitið valdi sem minnstri röskun á venjubundinni starfsemi.

88. gr.

Eftirlit Geislavarna ríkisins með notkun opinna geislalinda skal vera alhliða, reglubundið eftirlit með þeim þáttum, er lúta að öryggi starfsfólks og almennings. Úttekt á geislavörnum starfsfólks og almennings, sbr. VIII. kafla, gæðaeftirliti, sbr. VI. kafla, skipulagi vinnu- og geymslusvæða, sbr. VII. kafla og vörslu, flutningi og förgun opinna geislalinda, sbr. IX. kafla, eru mikilvægir þættir eftirlitsins. Eftirlitið skal miða að því, að sú geislun sem fólk verður fyrir sé eins lítil og kostur er, með skynsamlegu tilliti til aðstæðna. Einnig skal eftirlitið fela í sér leiðbeiningar og fræðslu um geislavarnir.

89. gr.

Sé um læknisfræðilega notkun opinna geislalinda að ræða, sbr. XII. kafla, þá skal eftirlit Geislavarna ríkisins einnig lúta að geislavörnum og geislaálagi sjúklinga, ásamt úttekt á framkvæmd og niðurstöðum gæðaeftirlits.

90. gr.

Eigendur geislatækja og geislavirkra efna skulu skv. 18. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir framkvæma þær úrbætur sem Geislavarnir ríkisins telja nauðsynlegar innan tiltekins frests, ella er þeim heimilt að stöðva frekari notkun tækja og efna þar til úrbætur hafa verið gerðar.

91. gr.

Ef geislavörnum er stórlega ábótavant, skulu Geislavarnir ríkisins skv. 18. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir stöðva notkun opnu geislalindanna. Stöðvun notkunar leysir eiganda ekki undan ábyrgð á öruggri geymslu og meðferð geislavirkra efna. Sé eigandi ekki fær um að rækja þessar skyldur sínar geta Geislavarnir ríkisins ráðstafað lindunum til förgunar á kostnað eiganda, sbr. 2. mgr. 12. gr. sömu laga.

92. gr.

Geislavarnir ríkisins skulu framkvæma eftirlit samkvæmt reglugerð þessari fjórða hvert ár, nema um starfsemi í flokki A og B sé að ræða. Þar skal eftirlit vera annað hvert ár.

93. gr.

Skráður eigandi skal skv. 19. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir greiða gjald fyrir reglubundið eftirlit Geislavarna ríkisins samkvæmt gjaldskrá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

XIV. KAFLI

Viðurlög.

94. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða fésektum eða fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum, sbr. 22. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir.

Um mál sem rísa kunna út af brotum á reglugerð þessari fer að hætti opinberra mála.

XV. KAFLI

Gildistaka.

95. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 4. mgr. 10. gr., 4. mgr. 13. gr., 5. mgr. 15. gr., 4. mgr. 17. gr., sbr. 21 gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 20. október 2003.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

VIÐAUKI 1

Reglur Geislavarna ríkisins um förgun geislavirks úrgangs vegna vinnu við opnar geislalindir skv. 12. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir.

I. KAFLI

Almenn viðmiðun.

1. gr.

Ætíð skal leitast við að hafa losun geislavirkra efna til umhverfis eins litla og kostur er, með tilliti til aðstæðna. Úrgang skammlífra kjarntegunda (með helmingunartíma innan við 100 daga) ber að geyma ef mögulegt er og láta hann rýrna. Úrgang sem flokka má sem ógeislavirkan ber að halda aðskildum frá geislavirkum úrgangi.

2. gr.

Eiganda ber að gera förgunaráætlun áður en notkun opinna geislalinda hefst, þar sem fram kemur skipulag hans varðandi förgun geislavirkra efna frá starfsemi sinni. Við gerð áætlunar sinnar ber eiganda að miða við að uppfylla þær kröfur sem lýst er í þessum reglum þannig að úrgangur geti flokkast sem ógeislavirkur úrgangur á föstu formi skv. 6. gr., ógeislavirk lausn með sindurvökva skv. 7. gr., lággeislavirk lausn sem farga má með almennu skólpi skv. 8. gr., lággeislavirkur úrgangur á föstu formi sem vegna geislavarna má brenna eða urða skv. 9. gr. og að losun til andrúmslofts uppfylli kröfur 11. gr. Geti starfsemin ekki uppfyllt þessar kröfur ber eiganda að gera sérstakar ráðstafanir til förgunar og að fá samþykki Geislavarna ríkisins fyrir skipulagi sínu.

3. gr.

Við förgun getur einnig þurft að taka tillit til annarra þátta sem þessar reglur ná ekki til, svo sem efnafræðilegra og líffræðilegra. Ábyrgðamaður notkunar opinna geislalinda ber ábyrgð á að ákvæði allra viðeigandi reglna séu uppfyllt. Telji ábyrgðamaður að nauðsyn beri

til að víkja frá reglum Geislavarna ríkisins vegna þess að brýnna sé að uppfylla aðrar kröfur varðandi förgun, þá skal hann leita skriflega samþykkis stofnunarinnar fyrir slíku fyrirkomulagi.

4. gr.

Við förgun getur einnig þurft að taka tillit til reglna sem gilda hjá móttökuaðila úrgangs. Það er á ábyrgð eiganda að kynna sér þær reglur sem kunna að gilda um úrgang frá starfsemi hans áður en starfsemi hefst. Starfsemina skal skipuleggja þannig að allar viðeigandi reglur varðandi förgun úrgangs séu uppfylltar.

5. gr.

Geislavirkan úrgang skal geyma með tryggum hætti og verndaðan gegn því að óviðkomandi komist í hann. Úrganginn skal einnig verja með viðeigandi hætti gegn bruna, vatnskaða og öðrum slíkum tjónum. Verndin skal vera sambærileg og fyrir svipað magn geislalinda í annarri notkun. Ekki má geyma geislavirkan úrgang inni í herbergi þar sem óskyld starfsemi fer fram og við skipulagningu starfsemi skal miða við að lágmarka óþarfa umgengni.

II. KAFLI

Flokkun úrgangs með tilliti til geislavirkni.

6. gr.

Ógeislavirkur úrgangur á föstu formi.

Í þessum reglum er úrgangur á föstu formi ekki talinn geislavirkur ef heildarvirkni beta- og gammageislandi kjarntegunda er innan við 10 kBq/kg og heildarvirkni alfageislandi kjarntegunda er innan við 1 kBq/kg. Efnismagnið sem meðaltalið er reiknað yfir má ekki nema meiru en 10 kg.

Ef flokka má úrgang sem ógeislavirkan úrgangur á föstu formi þá ber að afmá eða ógilda allar aðvörunarmerkingar vegna geislavirkni eða geislunar.

Leiki vafi á hvort úrgangur geti talist ógeislavirkur, þá ber að skera úr því með mælingu.

7. gr.

Ógeislavirkar lausnir með sindurvökva.

Lausnir með sindurvökva eða lífrænum leysiefnum eru ekki taldar geislavirkar ef:

1. Styrkur geislavirkni í lausninni er innan við 10 Bq/ml og hún inniheldur engar alfageislandi kjarntegundir.
2. Einu geislavirku kjarntegundirnar sem lausnin inniheldur eru H-3 eða C-14 og styrkur þeirra í lausninni (annarrar eða beggja sameiginlega) er innan við 100 Bq/ml.

8. gr.

Lággeislavirkar lausnir sem farga má með almennu skólpi.

Heildarmagn sem hver eigandi má farga með almennu skólpi um niðurfall í vaski, er:

1. 2,5 ALÍmin í hvert sinn sé einni kjarntegund fargað, þó ekki meira en 100 MBq
2. 25 ALÍmin í hverjum mánuði sé einni kjarntegund fargað, þó ekki meira en 100 000 MBq á ári.

Sé fleiri en einni kjarntegund fargað í einu verður fyrri krafan:

$$\sum_k \frac{A_k}{A_{\min,k}} \leq 2,5$$

Sé fleiri en einni kjarntegund fargað í mánuði verður síðari krafan:

$$\sum_k \frac{A_k}{A_{\min,k}} \leq 2,5$$

Í ójöfnunum að ofan vísar A_k til magns kjarntegundar k (mælt sem virkni) og $AL_{\min,k}$ til minnsta magns ALI gildis hversrar kjarntegundar, óháð efnasamsetningu og hvernig efnið berst inn í líkama. ALI er alþjóðleg skammstöfun (fyrir Annual Limit of Intake) og vísar til þess magns geislavirkra kjarntegundar sem getur í mesta lagi borist inn í líkama manns með tilteknum hætti án þess að geislaálag sem af því hlýst fari yfir 20 mSv. Tölur yfir AL_{\min} er að finna í viðauka A við þessar reglur.

Þegar geislavirkum lausnum er hellt í niðurfall vasks, þá skal skola vaskinn vel á eftir með nægu vatni.

9. gr.

*Lággeislavirkur úrgangur á föstu formi,
sem vegna geislavarna má brenna eða urða.*

Urða má eða brenna lággeislavirkan úrgang ef hann uppfyllir neðangreind skilyrði:

1. Heildarmagn geislavirkra efna í einni einingu (pakka, poka, blokk) skal ekki vera meiri en 2,5 AL_{\min} fyrir viðkomandi kjarntegund og geislunarstyrkur við yfirborð skal ekki vera meiri en $5 \cdot \mu\text{Sv/klst}$.
2. Heildarmagn geislavirkra efna frá einni starfsemi til urðunar- eða brennslustaðar á einum mánuði skal ekki vera meiri en 25 AL_{\min} . Magn sem losað er á einu ári skal ekki fara yfir 100 000 MBq.

Sé um fleiri en eina kjarntegund að ræða ber að beita sambærilegri reikniáferð og lýst er fyrir sambærilega förgun lággeislavirkra lausna í 8. gr.

Lággeislavirkur úrgangur, sem senda skal til brennslu eða urðunar, má ekki innihalda lokaðar geislalindir (geislalindir í þéttum lokuðum hylkjum) með meira magni geislavirkra efna en 0,1 MBq.

Lággeislavirkur úrgangur sem skal urða eða brenna skal vera í traustum umbúðum sem koma í veg fyrir mengun út fyrir umbúðir meðan á flutningi og meðhöndlun stendur. Á umbúðir skal merkja hvaðan úrgangur komi, hverjar séu meginkjarntegundir innihalds og magn þeirra. Ef úrgangur er fluttur beint til urðunarstaðar eða brennslu, þá er aðvörunarmerking vegna geislavirkni óþörf. Sé úrgangur geymdur eða endurflokkaður, þá verður að hafa aðvörunarmerkingu vegna geislavirkni á umbúðum eða við geymslusvæði.

10. gr.

*Geislavirkt skólp frá sjúklingum sem fengið hafa
geislavirk efni í læknisfræðilegum tilgangi.*

Viðmiðunarmörk 8. gr. gilda ekki um skólp frá sjúklingum sem hafa fengið geislavirk efni í læknisfræðilegum tilgangi.

Sjúklingar sem hafa fengið geislavirk efni í lækningaskyni skulu hafa afnot af salerni sem ekki eru notuð af öðrum.

11. gr.

Losun geislavirkra efna til andrúmsloftsins.

Sé nauðsynlegt að losa geislavirk efni til andrúmslofts, t.d. frá sogskápum, þá skal gæta þess að útblástur efnanna sé fjarri inntaki loftræstikerfa og að efnin geti með öðrum hætti borist að vitum fólks án þess að hafa dreifst með eðlilegum hætti.

Losun geislavirkra efna til andrúmlöfts verður að takmarka þannig að styrkur efna mældur í grennd (t.d. í nokkurra metra fjarlægð) við úttak (t.d. útblástur loftræstikerfis eða sogskápa) sé eigi meiri en tiltekið er í töflu yfir hámarksstyrk í viðaukum B og C. Styrkinn má reikna sem meðaltal yfir allt að einu ári.

Sé um margar kjarntegundir að ræða, þá verður losunin jafnframt að uppfylla skilyrðið:

$$\sum_k \frac{C_k}{MAC_k} \leq 1$$

Í ójöfnunni að ofan vísar C_k til styrks kjarntegundar k og MAC_k til viðmiðunargildis hámarksstyrks (MAC , *maximum activity concentration*) losunar viðkomandi kjarntegundar, sbr. töflur í viðaukum B og C.

12. gr.

Förgunarbókhald - mat á förgun – mælingar.

Ábyrgðarmaður ber ábyrgð á að förgunarbókhald sé fært, þar sem fram kemur mat á magni hvernar kjarntegundar sem fargað hefur verið eftir hverri förgunarleið (sorpi, skólpi eða brennslu) til umhverfis. Þetta mat getur verið byggt á aðföngum og mati á hlutfallslegri skiptingu efnismagns. Geislavarnir ríkisins geta gert kröfu um að mat losunar sé einnig stutt mælingum, einstökum eða reglubundnum, samkvæmt skipulagi samþykktu af stofnuninni. Ábyrgðarmaður skal eigi síðar en 31. mars ár hvert senda Geislavörnum ríkisins yfirlit um förgun geislavirka efna á undangengnu ári. Tilgreina skal fyrir hverja kjarntegund, hversu miklu magni (tilgreindu sem virkni) hafi verið fargað eftir hverri förgunarleið.

VIÐAUKI A
við reglur um förgun geislavirks úrgangs vegna vinnu við opnar geislalindir
ALImin-gildi fyrir helstu kjarntegundir.

Kjarntegund	ALImin Bq	Kjarntegund	ALImin Bq	Kjarntegund	ALImin Bq
H-3 (í vatni)	1 · 109	Sr-82	2 · 106	Eu-152	5 · 105
C-14	3 · 107	Sr-85	3 · 107	Gd-153	8 · 106
F-18	2 · 108	Sr-89	3 · 106	Dy-165	2 · 108
Na-22	6 · 106	Sr-90	1 · 105	Ho-166	1 · 107
Na-24	4 · 107	Y-88	5 · 106	Tm-170	3 · 106
P-32	6 · 106	Y-90	7 · 106	Yb-169	7 · 106
P-33	1 · 107	Zr-95	4 · 106	Ta-182	2 · 106
S-35	2 · 107	Nb-95	1 · 107	W-185	4 · 107
Cl-36	3 · 106	Mo-99	2 · 107	W-187	3 · 107
K-43	8 · 107	Tc-99m	7 · 108	W-188	9 · 106
Ca-45	7 · 106	Ru-103	7 · 106	Re-186	1 · 107
Sc-46	3 · 106	Ru-106	3 · 105	Os-191	1 · 107
Cr-51	5 · 108	Pd-103	5 · 107	Ir-192	3 · 106
Mn-54	1 · 107	Ag-110m	2 · 106	Pt-193	7 · 108
Mn-56	8 · 107	Cd-109	2 · 106	Au-198	2 · 107
Fe-52	1 · 107	In-111	7 · 107	Hg-197	5 · 106
Fe-55	2 · 107	In-113m	6 · 108	Hg-203	3 · 106
Fe-59	6 · 106	Sn-113	8 · 106	Tl-201	2 · 108
Co-57	2 · 107	Sb-124	3 · 106	Tl-204	2 · 107
Co-58	1 · 107	Sb-125	4 · 106	Pb-210	2 · 104
Co-60	7 · 105	Te-132	5 · 106	Bi-210	2 · 105
Ni-63	1 · 107	I-123	1 · 108	Po-210	7 · 103
Cu-64	1 · 108	I-124	2 · 106	Ra-226	6 · 103
Cu-67	3 · 107	I-125	1 · 106	Ra-228	8 · 103
Zn-62	2 · 107	I-131	9 · 105	Ac-227	3 · 101
Zn-65	5 · 106	I-132	7 · 107	Th-228	5 · 102
Ga-67	7 · 107	Cs-134	1 · 106	Th-230	5 · 102
Ga-68	2 · 108	Cs-137	2 · 106	U-232	6 · 102
Ga-72	2 · 107	Ba-133	1 · 107	Pu-237	6 · 107
Ge-68	2 · 106	Ba-140	8 · 106	Pu-238	5 · 102
As-73	2 · 107	La-140	1 · 107	Pu-240	4 · 102
As-76	1 · 107	Ce-141	6 · 106	Pu-241	2 · 104
Se-75	8 · 106	Ce-144	4 · 105	Pu-242	5 · 102
Br-82	2 · 107	Pm-147	4 · 106	Am-241	5 · 102
Rb-84	7 · 106	Sm-151	5 · 106	Cm-244	8 · 102
Rb-86	7 · 106	Sm-153	3 · 107	Cf-252	1 · 103

VIÐAUKI B

við reglur um förgun geislavirks úrgangs vegna vinnu við opnar geislalindir
MAC gildi, hámarksstyrkur virkni við losun fyrir helstu kjarntegundir.

Kjarn- tegund	MAC Bq/m ³	Kjarn- tegund	MAC Bq/m ³	Kjarn- tegund	MAC Bq/m ³
H-3 (í vatni)	3 · 10 ³	Sr-82	8 · 100	Eu-152	2 · 100
C-14	1 · 10 ²	Sr-85	1 · 10 ²	Gd-153	3 · 10 ¹
F-18	5 · 10 ²	Sr-89	1 · 10 ¹	Dy-165	1 · 10 ³
Na-22	4 · 10 ¹	Sr-90	6 · 10 ⁻¹	Ho-166	1 · 10 ²
Na-24	2 · 10 ¹	Y-88	2 · 10 ¹	Tm-170	1 · 10 ¹
P-32	3 · 10 ¹	Y-90	5 · 10 ¹	Yb-169	3 · 10 ¹
P-33	6 · 10 ¹	Zr-95	2 · 10 ¹	Ta-182	9 · 10 ⁰
S-35	6 · 10 ¹	Nb-95	5 · 10 ¹	W-185	4 · 10 ²
Cl-36	1 · 10 ¹	Mo-99	8 · 10 ¹	W-187	3 · 10 ²
K-43	3 · 10 ²	Tc-99m	3 · 10 ³	W-188	1 · 10 ²
Ca-45	3 · 10 ¹	Ru-103	3 · 10 ¹	Re-186	7 · 10 ¹
Sc-46	1 · 10 ¹	Ru-106	1 · 10 ⁰	Os-191	5 · 10 ¹
Cr-51	2 · 10 ³	Pd-103	2 · 10 ²	Ir-192	1 · 10 ¹
Mn-54	6 · 10 ¹	Ag-110m	7 · 10 ⁰	Pt-193	3 · 10 ³
Mn-56	4 · 10 ²	Cd-109	9 · 10 ⁰	Au-198	8 · 10 ¹
Fe-52	9 · 10 ¹	In-111	3 · 10 ²	Hg-197	2 · 10 ¹
Fe-55	9 · 10 ¹	In-113m	3 · 10 ³	Hg-203	1 · 10 ¹
Fe-59	2 · 10 ¹	Sn-113	3 · 10 ¹	Tl-201	1 · 10 ³
Co-57	9 · 10 ¹	Sb-124	1 · 10 ¹	Tl-204	1 · 10 ²
Co-58	4 · 10 ¹	Sb-125	2 · 10 ¹	Pb-210	8 · 10 ⁻²
Co-60	3 · 10 ⁰	Te-132	3 · 10 ¹	Bi-210	1 · 10 ⁰
Ni-63	4 · 10 ¹	I-123	4 · 10 ²	Po-210	3 · 10 ⁻²
Cu-64	6 · 10 ²	I-124	7 · 10 ⁰	Ra-226	3 · 10 ⁻²
Cu-67	1 · 10 ²	I-125	6 · 10 ⁰	Ra-228	3 · 10 ⁻²
Zn-62	1 · 10 ²	I-131	4 · 10 ⁰	Ac-227	1 · 10 ⁻⁴
Zn-65	3 · 10 ¹	I-132	3 · 10 ²	Th-228	2 · 10 ⁻³
Ga-67	3 · 10 ²	Cs-134	9 · 10 ⁰	Th-230	2 · 10 ⁻³
Ga-68	1 · 10 ³	Cs-137	1 · 10 ¹	U-232	2 · 10 ⁻³
Ga-72	1 · 10 ²	Ba-133	5 · 10 ¹	Pu-237	2 · 10 ²
Ge-68	6 · 10 ⁰	Ba-140	5 · 10 ¹	Pu-238	2 · 10 ⁻³
As-73	9 · 10 ¹	La-140	6 · 10 ¹	Pu-240	2 · 10 ⁻³
As-76	9 · 10 ¹	Ce-141	2 · 10 ¹	Pu-241	1 · 10 ⁻¹
Se-75	5 · 10 ¹	Ce-144	2 · 10 ⁰	Pu-242	8 · 10 ⁻⁴
Br-82	1 · 10 ²	Pm-147	3 · 10 ¹	Am-241	2 · 10 ⁻³
Rb-84	6 · 10 ¹	Sm-151	2 · 10 ¹	Cm-244	3 · 10 ⁻³
Rb-86	6 · 10 ¹	Sm-153	1 · 10 ²	Cf-252	5 · 10 ⁻³

VIÐAUKI C

**við reglur um förgun geislavirks úrgangs vegna vinnu við opnar geislalindir
MAC gildi, hámarksstyrkur virkni við losun fyrir geislavirkar lofttegundir,
þar sem áhætta vegna geislunar utanfrá á líkama er ríkjandi (ekki innri geislun).**

Kjarn- tegund	MAC Bq/m ³	Kjarn- tegund	MAC Bq/m ³
C-11	6 · 102	Kr-87	7 · 102
N-13	6 · 102	Kr-88	3 · 102
O-15	6 · 102	Xe-120	2 · 103
F-18	5 · 102	Xe-121	3 · 102
Ar-37	6 · 108	Xe-122	1 · 104
Ar-39	7 · 104	Xe-123	1 · 103
Ar-41	5 · 102	Xe-125	3 · 103
Kr-74	5 · 102	Xe-127	3 · 103
Kr-76	2 · 103	Xe-129m	3 · 104
Kr-77	6 · 102	Xe-131m	8 · 104
Kr-79	3 · 103	Xe-133m	2 · 104
Kr-81	1 · 105	Xe-133	2 · 104
Kr-83m	4 · 106	Xe-135m	2 · 103
Kr-85	5 · 104	Xe-135	3 · 103
Kr-85m	4 · 103	Xe-138	5 · 102

MAC gildi í viðaukum B og C eru reiknuð sem 1/100 af DAC gildum (*derived air concentration*), viðmiðunargildum fyrir hámarksstyrk geislavirkra efna í andrúmslofti starfsmanna sem vinna við jónandi geislun.

REGLUGERÐ

um sólarlampa.

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um alla notkun sólarlampa jafnt í februnarskyni og í lækningaskyni.

2. gr.

Í þessari reglugerð gilda eftirfarandi skilgreiningar:

Geislagjafi: Sá hluti sólarlampa, þar sem útfjólubláir geislar eru framleiddir.

Sólarlampi: Tæki, sem framleiðir útfjólubláa geisla til geislunar á fólk.

UV-flokkun sólarlampa: Sólarlampar eru flokkaðir í fjóra flokka, UV-1, UV-2, UV-3 og UV-4 eftir magni og eiginleikum útfjólublárrar geislunar eins og nánar er skilgreint í íslenskum staðli ÍST EN 60335 - 2 - 27:1997 Öryggi heimilistækja og ámóta raftækja - 2. hluti: Sérstakar kröfur vegna tækja til að meðhöndla húð með útfjólubláum eða innrauðum geislum.

Útfjólublá geislun, UV geislun: Ójónandi geislun sem samanstendur af rafsegulbylgjum með bylgjulengd 100-400 nm (1 nm = 10⁻⁹ m).

II. KAFLI

Almennar reglur.

3. gr.

Sólarlampar sem notaðir eru á Íslandi skulu uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar. Öryggiskröfur sem ekki er fjallað um í þessari reglugerð og varða geislavarnir skulu einnig vera uppfylltar eins og þær eru tilgreindar í staðli ÍST EN 60335 - 2 - 27:1997, Öryggi heimilistækja og ámóta raftækja - 2. hluti: Sérstakar kröfur vegna tækja til að meðhöndla húð með útfjólubláum eða innrauðum geislum.

4. gr.

Í sólarlömpum er aðeins heimilt að nota geislagjafa (perur og andlitsljós) í samræmi við UV-flokkun sólarlampans þannig að UV-flokkun sólarlampans haldist óbreytt.

5. gr.

Með hverjum sólarlampa skulu fylgja hlífðargleraugu sem uppfylla viðeigandi kröfur samkvæmt staðli ÍST EN 60335 - 2 - 27:1997. Á sólbaðsstofum eða annars staðar þar sem sólarlampar eru notaðir skulu hlífðargleraugu til verndar augum vera til staðar fyrir hvern viðskiptavin eða sjúkling.

6. gr.

Með hverjum sólarlampa skulu fylgja notkunarreglur og leiðbeiningar á íslensku, þar sem fram koma upplýsingar um ráðlagða lengd og tíðni sólbaða. Einnig skulu fylgja upplýsingar um viðhald á sólarlampanum þar sem fram kemur m.a. að aðeins skuli nota viðeigandi geislagjafa (perur).

Leiðbeiningar Geislavarna ríkisins um útfjólubláa geislun og sólarlampa, sem eru í viðauka 1 með reglugerð þessari, skulu fylgja hverjum lampa. Einnig skal umsögn landlæknisembættisins varðandi sólbekki og ljósalampa, sem eru í viðauka 2 með reglugerð þessari fylgja. Viðaukar 1 og 2 skulu birtir orðréttir með hverjum sólbekk og ljósalampa.

7. gr.

Á hverjum sólarlampa skulu, á áberandi stað, vera eftirfarandi upplýsingar á íslensku: „Aðvörun: Útfjólublá geislun getur valdið skaða á augum og húð. Hún getur flýtt öldrun húðar og leitt til húðkrabbameins. Notið ætíð hlífðargleraugu. Sum lyf og snyrtivörur geta valdið auknu næmi fyrir útfjólubláum geislum og því valdið bruna í húð. Ef lyf eru notuð er ráðlegt að hafa samráð við lækni áður en farið er í ljós. Lesið vandlega notkunarreglur og „Leiðbeiningar um útfjólubláa geislun og sólarlampa.““

8. gr.

Á hverjum sólarlampa skal vera merking þar sem fram kemur UV-flokkur sólarlampans, t.d. „UV-flokkur 3“ ef sólarlampinn með viðeigandi perum er í UV-flokki 3.

Sólarlampar í UV-flokki 4 skulu að auki merktir með eftirfarandi: „Aðvörun – Notist aðeins að læknisráði“.

Sólarlampar með birtu flatar meiri en 100 000 cd/m² skulu merktir með eftirfarandi: „Aðvörun – Mjög sterk birta. Horfið ekki í ljósið“.

9. gr.

Á hverjum sólarlampa skal vera tímarofi sem stöðvar geislun á útfjólubláu ljósi eftir innstilltan tíma og er með lengstu stillingu: 60 mínútur fyrir ljósalampa í UV-flokki 1, UV-flokki 2 og UV-flokki 3 en 30 mínútur fyrir ljósalampa í UV-flokki 4.

III. KAFLI

Sólarlampa sem notaðir eru í öðrum tilgangi en læknisfræðilegum.

10. gr.

Notkun sólarlampa, í öðrum tilgangi en læknisfræðilegum, er háð leyfi Geislavarna ríkisins nema um sé að ræða sólarlampa í flokki UV-3. Á sólbaðsstofum eða annars staðar þar sem gjald er tekið fyrir afnot af sólarlampa í öðrum tilgangi en læknisfræðilegum, er einöngu heimilt að nota sólarlampa í floknum UV-3.

11. gr.

Sá sem selur eða veitir öðrum aðgang að sólarlampa í öðrum tilgangi en læknisfræðilegum skal geta lagt fram leyfisbréf frá Geislavörnum ríkisins, sbr. 10. gr. eða fullnægjandi gögn sem staðfesta að sólarlampinn með þeim geislagjafa sem í honum er sé í flokki UV-3 sé þess óskað.

IV. KAFLI

Sólarlampa sem notaðir eru í læknisfræðilegum tilgangi.

12. gr.

Notkun sólarlampa í læknisfræðilegum tilgangi, annars staðar en þar sem húðlæknir ber ábyrgð á notkuninni, er háð leyfi frá Geislavörnum ríkisins. Undanþegin þessu er einka-notkun á heimili samkvæmt skriflegum ráðleggingum húðlæknis.

13. gr.

Þess skal gætt að geislun á sjúklinga, sérstaklega augu, sé eins lítil og unnt er að teknu tilliti til markmiðs geislunar og með skynsamlegu tilliti til aðstæðna. Í því skyni skal koma upp virku gæðaeftirliti. Það skal vera í samræmi við umfang starfseminnar og ná jafnt til notkunar sólarlampanna og vinnuáðferða. Geislunarmælingar í því skyni að tryggja réttan geislaskammt UV-geislunar skulu gerðar reglulega. Niðurstöður gæðaeftirlits skulu skjalfestar.

V. KAFLI

Eftirlit og viðurlög.

14. gr.

Eigendur sólarlampa bera ábyrgð á því að ákvæði þessarar reglugerðar séu uppfyllt.

15. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða fésektum eða fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum sbr. 22. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir.

Um mál sem rísa kunna út af brotum á reglugerð þessari fer að hætti opinberra mála.

VI. KAFLI

Gildistaka.

16. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. mgr. 9. gr. og 21. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir, öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um innflutning á geislatækjum, er framleiða útfjólubláa geisla, nr. 517/1993.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 20. október 2003.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

VIÐAUKI 1

Leiðbeiningar Geislavarna ríkisins um útfjólubláa geislun og sólarlampa.

Útfjólublá geislun frá sól og sólarlömpum getur valdið skaða á augum (snjóblindu) og á húð (roða-bruna). Hversu mikil skaðlegu áhrifin verða, ræðst af því hversu næmur einstaklingurinn er fyrir útfjólublárra geislun, svo og af því hversu mikil geislunin er. Fylgið eftirfarandi leiðbeiningum til að minnka hættu á skaðlegum áhrifum.

- 1. Verið aldrei í ljósum svo lengi að húðin roðni. Takmarkið tíma í sólarlampa í fyrstu skiptin ef húðin er ekki þegar brún.** Húðin brúnkar til verndar gegn útfjólubláu ljósi. Fylg-ist með viðbrögðum húðar, roði í húð er merki um að húðfrumur hafi skaðast. UVA-geislun í sólarlampa er sterkari en geislun frá sólinni og kemst dýpra í húðina sem veldur sliti, húðin verður síður teygjanleg og hrukkumyndun eykst. Hugsanlega er samband á milli notkunar á sólarlömpum og hættunnar á myndun illkynja sortuæxla (húðkrabbameins). Takmarkið því fjölda sólbaðsstunda bæði úti í sólskini og í sólarlampa.
- 2. Notið ekki sólarlampa ef þið eruð yngri en 18 ára.** Börn og ungmenni hafa viðkvæmari húð en fullorðnir og hætta á húðskaða síðar á ævinni er meiri.
- 3. Notið ekki sólarlampa ef þið hafið viðkvæma húð og eigið erfitt með að verða brún í sólskini.** Fólk með húð sem roðnar en verður ekki brún í sólskini, fólk sem fær freknur og fólk með marga fæðingarbletti er í meiri hættu en aðrir á skaða vegna útfjólublárrar geislunar.
- 4. Gætið hófs í sólböðum og farið ekki oft en einu sinni á dag í sólbað.** Húðin þolir ekki nema takmarkaða útfjólubláa geislun og hún þarf tíma til að jafna sig. Virðið ráðleggingar framleiðanda um tíðni og lengd sólbaða.
- 5. Notið ekki sólarlampa ef þið takið lyf eða eruð smituð af sjúkdómi.** Sum lyf valda því að húðin þolir minni útfjólubláa geislun. Leitið upplýsinga hjá lækni eða hjá lyfsala. Útfjólublá geislun veikir viðnámsþrótt húðar og sumt veirusmit getur orðið alvarlegra.

6. Notið ekki sólarlampa ef þið hafið haft húðkrabbamein eða ef það er í ættinni. Líkur á illkynja húðkrabbameini eru meiri ef þið hafið haft húðkrabbamein eða ef það hefur greinst hjá ættingjum.

7. Notið ekki efni sem flýta fyrir sólbrúngu. Hreinsið af ykkur snyrtivörur. Efni sem auka hæfni húðar til að verða brún með því að auka næmni húðar fyrir útfjólublárrí geislun auka jafnframt hættu á sólbruna. Sumar tegundir snyrtivara hafa einnig þessi áhrif. Í sérstökum tilfellum geta þessi efni valdið ofnæmi fyrir útfjólublárrí geislun.

8. Treystið ekki sólarlömpum til að veita vörn gegn sterkri sól eða til meðferðar á húð. Brúni liturinn sem fæst í sólarlömpum hlífir henni ekki á sama hátt og brúnn litur og þykking húðar sem fæst í sólskini. Sólarlampar veita því ekki fullkomna vörn áður en farið er í sólarlandaferð.

Meðhöndlið ekki sjálf húðsjúkdóma í sólarlömpum. Leitið ráðgjafar hjá læknum. Sérstakir sólarlampar eru notaðir til húðmeðferðar.

9. Notið hlífðargleraugu í sólarlömpum. Útfjólublá geislun getur valdið kvalafullri bólgu í hornhimnu augans.

10. Leitið lækni ef fæðingarblettir taka að vaxa, breytast, klæjar undan þeim eða blæðir úr þeim. Líkurnar aukast á að hægt sé lækna húð af illkynja sortuæxli ef það upp-götvast snemma.

VIÐAUKI 2

Umsögn landlæknisembættisins varðandi sólbekki og ljósalampa.

Geislun húðarinnar af sól eða frá sólbekkjum og ljósalömpum („háfjallasól“) getur valdið heilsutjóni, ef farið er óvarlega. Það er alþekkt, að óhófleg geislun veldur bruna á húð (sólbruna). Langvarandi geislun á sólbaðstofum veldur hrörnun húðar þannig að teygjanleikinn minnkar og hún verður hrukkótt. Margt bendir til að mikil og langvarandi notkun sólbaðstofulampa (UVA-ljós) auki líkurnar á húðkrabbameini. Mikil geislun sem veldur bruna, bæði í ljósum og í sól, getur aukið hættuna á myndun sortuæxla (melanoma) í húð. Ef gleraugu með fullkominni vörn gegn útfjólubláum geislum eru ekki notuð er hættu á bruna á hornhimnu augna (rafsuðublinda, snjóblinda) og langvarandi áhrif geislanna á augu geta skemmt litarskyn. Sumt fólk, t.d. hvítungjar (albínóar), er afar viðkvæmt fyrir útfjólubláum geislum. Sum lækni slyf gera húðina viðkvæmari fyrir útfjólubláum geislum. Dæmi um slíkt eru sum sýklalyf, þvagræsilyf og geðlyf. Vissar snyrtivörur geta einnig gert húðina viðkvæma fyrir ljósum, t.d. sum ilmefni. Þeir sem nota lækni slyf ættu að ráðfæra sig við lækni áður en farið er í ljós.

REGLUGERÐ

um geislavarnir við notkun lokaðra geislalinda.

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um geislavarnir við notkun á lokuðum geislalindum, sem leyfi þarf fyrir, skv. 3. gr., hvort sem þær eru lausar eða innbyggðar í sérstök tæki.

Ef heildarmagn geislavirkra efna í lokaðri lind er svo mikið að virkni hennar er yfir mörkum sbr. viðauka 1 geta Geislavarnir ríkisins gert auknar kröfur um geislavarnir. Geislavarnir ríkisins geta einnig sett nánari reglur um geislavarnir við notkun tiltekinna flokka lokaðra geislalinda t.d. í hæðarmælum.

2. gr.

Í reglugerð þessari gilda eftirfarandi skilgreiningar:

Ábyrgðarmaður: Starfsmaður með viðeigandi menntun og reynslu, tilnefndur af eiganda til þess að bera í umboði hans ábyrgð á starfsemi með lokaðar geislalindir hvað varðar geislavarnir. Ábyrgðarmaður getur einnig verið skráður eigandi viðkomandi búnaðar.

Geislaálag: Mat á magni geislunar þar sem heilsufarsleg áhætta einstaklings er lögð til grundvallar.

Geislastarfsmaður: Starfsmaður sem vegna vinnu sinnar getur orðið fyrir jónandi geislun, hvort sem hann er sjálfstætt starfandi eða í vinnu hjá öðrum, og líkleg er að leiði til geislaálags eða hlutgeislaálags umfram þau hámark sem gefin eru fyrir almenning í reglugerð um hámark geislunar starfsmanna og almennings vegna starfsemi þar sem notuð er jónandi geislun.

Geislunarstyrkur: Magn geislunar (metið sem geislaálag) á tímaeiningu á einhverjum gefnum stað.

Lindarhús: Hylki sem inniheldur lokaða geislalind og geislahlíf. Á geislahlífinni getur verið geislaop sem hleypir út afmörkuðum geisla.

Lokuð geislalind: Geislavirkt efni í þéttum lokuðum umbúðum, þannig að það er ekki í beinni snertingu við umhverfið. Um lokaðar geislalindir gildir staðall ISO 2919 Radiation protection – Sealed radioactive sources – General requirements and classification.

Virkni: Mælikvarði á magn geislavirks efnis, með mælieiningunni meðalföldi kjarnbreytinga á tímaeiningu.

II. KAFLI

Leyfisveitingar.

3. gr.

Leyfi Geislavarna ríkisins þarf til framleiðslu, innflutnings, eignar, geymslu, afhendingar og förgunar á geislavirkum eignum samkvæmt 7. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir. Óheimilt er að hefja notkun geislavirkra efna eða geislatækja sem gefa frá sér jónandi geislun án leyfis Geislavarna ríkisins skv. 1. mgr. 9. gr. laganna. Ekki þarf leyfi vegna lokaðra geislalinda ef heildarmagn geislavirks efnis er undir mörkum sem Geislavarnir ríkisins ákveða né heldur vegna sjálflysandi úra, vasaáttavita og annarra slíkra tækja sem innihalda mjög lítið af geislavirkum eignum eftir nánari ákvörðun Geislavarna ríkisins.

Um leyfi til innflutnings og notkunar lokaðra geislalinda skal sækja á eyðublöðum Geislavarna ríkisins eða á öðru formi er stofnunin samþykkir. Þetta gildir einnig ef lokaðar geislalindir eru keyptar af öðrum aðila innanlands.

Geislavarnir ríkisins geta afturkallað veitt leyfi fyrir innflutningi, eign, sölu, afhendingu og notkun á lokuðum geislalindum ef skilyrði reglugerðar þessarar eru ekki uppfyllt.

Tilkynna skal Geislavörnum ríkisins þegar starfsemi sem leyfi varðar er hætt. Ábyrgðarmaður skal sjá um slíkar tilkynningar. Óheimilt er að selja öðrum lokaðar geislalindir en þeim sem hafa leyfi Geislavarna ríkisins til kaupanna.

4. gr.

Eigandi eða ábyrgðarmaður í umboði hans skal sækja um leyfi fyrir innflutningi, eign, sölu, afhendingu og notkun á lokuðum geislalindum. Eftirfarandi upplýsingar þurfa að koma fram í umsókninni eða í fylgiskjölum með henni:

1. Nafn og heimilisfang fyrirtækis eða stofnunar.
2. Nöfn ábyrgðarmanns og eiganda.
3. Staða ábyrgðarmanns innan fyrirtækis eða stofnunar ásamt menntun hans.
4. Geislavirkt efni (efnafræðilegt heiti og massatala, t.d. Cs-137, Co-60 eða Am-241).
5. Virkni mæld í MBq eða annarri umreiknanlegri einingu, t.d. Ci, á tilteknum viðmiðunardegi.
6. Ef lokuð geislalind er innbyggð í tæki skal nefna gerð tækis og notkun og annaðhvort lýsa fyrirhugaðri staðsetningu þess eða geymslustað ef tækið er færanlegt.
7. Ef lokuð geislalind er ekki innbyggð í tæki skal lýsa fyrirhugaðri notkun og fyrirhugaðri staðsetningu eða geymslu hennar.
8. Umsókn skal fylgja staðfesting frá seljanda eða framleiðanda um að tekið verði við geislalindinni að notkun lokinni til endurvinnslu eða förgunar.

Ef slík yfirlýsing fylgir ekki skal eigandi lýsa annarri löglegri leið til förgunar að notkun lokinni sem hann skuldbindur sig að fylgja verði þess krafist sbr. 23. gr.

Geislavarnir ríkisins geta krafist frekari upplýsinga ef þurfa þykir.

Með umsókn um leyfi skal fylgja leyfisgjald samkvæmt gjaldskrá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

III. KAFLI

Kröfur til eiganda og ábyrgðarmanns.

5. gr.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir ber eigandi ábyrgð á að öll notkun á geislavirkum efnum sé í samræmi við lögin, reglugerð þessa og leiðbeiningar settar á grundvelli þeirra. Eigandi skal einnig tilnefna ábyrgðarmann með viðeigandi menntun og reynslu. Ábyrgðarmaður skal hafa viðeigandi þekkingu á geislavörnum við notkun lokaðra geislalinda. Tilnefning ábyrgðarmanns er háð samþykki Geislavarna ríkisins.

6. gr.

Áður en ábyrgðarmaður lætur af störfum skal eigandi leita samþykkis Geislavarna ríkisins á nýjum ábyrgðarmanni. Sá sem tekur við skal uppfylla sömu kröfur um þekkingu og hinn fráfarandi.

7. gr.

Ábyrgðarmaður skal sjá til þess að ákvæðum IV. kafla sé framfylgt. Hann skal einnig sjá til þess að ákvæðum V. kafla sé fylgt og að úrbætur séu gerðar samstundis komi í ljós að meðferð lokaðra geislalinda er ábótavant.

8. gr.

Ábyrgðarmaður skal sjá til þess að starfsfólk sem vinnur við lokaðar geislalindir hafi viðeigandi menntun. Hann skal einnig sjá til þess að starfsmennirnir hafi hlotið viðeigandi starfsþjálfun og fræðslu um geislavarnir og gildandi lög, reglugerðir og leiðbeiningar um geislavarnir vegna starfans.

9. gr.

Ábyrgðarmaður skal sjá til þess að starfsfólk beri einstaklingsgeislaálag frá Geislavörnum ríkisins við vinnu sína, sé þess krafist samkvæmt ákvæðum reglugerðar um háþösk geislunar starfsmanna og almennings vegna starfsemi þar sem notuð er jónandi geislun.

10. gr.

Ábyrgðarmaður skal sjá til þess að fyrir hendi séu viðeigandi skriflegar leiðbeiningar um notkun, geymslu og flutning lokaðara geislalinda sem og tækja og búnaðar sem inniheldur lokaðar geislalindir.

11. gr.

Ábyrgðarmaður skal halda saman gögnum um allar lokaðar geislalindir sem hann ber ábyrgð á í sérstakri gæðahandbók. Í gæðahandbókinni skulu m.a. vera eftirtalin gögn:

1. Upplýsingar um geislavarnir frá framleiðanda.
2. Upplýsingar um förgun að lokinni notkun, sbr. 8. tl. 1. mgr. 4. gr.
3. Leiðbeiningar um notkun lokaðra geislalinda, sbr. 10. gr.
4. Eftirlitsskýrslur frá Geislavörnum ríkisins.
5. Skrá yfir viðgerðir, viðhald og allar breytingar sem hafa verið gerðar.
6. Leiðbeiningar um viðbrögð við óhöppum, sbr. 12. gr.

12. gr.

Ábyrgðarmaður skal sjá um að Geislavörnum ríkisins sé tilkynnt samstundis um hvers kyns óhöpp sem gætu hafa haft geislun á starfsfólk, eða almenning í för með sér. Einnig skal hann tilkynna samstundis um horfnar lokaðar geislalindir.

IV. KAFLI

Geislavarnir starfsfólks.

13. gr.

Allri vinnu við lokaðar geislalindir skal haga þannig að geislun á almenning og starfsmenn sé sem minnst, t.d. með notkun skerma, og ávallt innan þeirra marka sem sett eru í reglugerð um háþösk geislunar starfsmanna og almennings vegna starfsemi þar sem notuð er jónandi geislun. Viðeigandi geislaálag skal vera til staðar og notaður nema vinnuleiðbeiningar og skipulag starfseminnar tryggji að ákvæði um geislaálag og geislunarstyrk séu alltaf uppfyllt.

14. gr.

Flokkun vinnusvæða þar sem starfsmenn vinna við lokaðar geislalindir og eftirlit með geislaálagi starfsfólks skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar um háþösk geislunar starfsmanna og almennings vegna starfsemi þar sem notuð er jónandi geislun.

Einungis þeir starfsmenn sem flokkast með geislustarfsmenn samkvæmt 1. mgr., mega vinna að jafnaði á svæðum þar sem geislunarstyrkur er meiri en 0,5 $\mu\text{Sv/klst.}$ og skal þá jafnframt tryggja með viðeigandi eftirliti að geislaálag þeirra sé innan þeirra marka sem reglugerðin setur.

Aðeins geislastarfsmenn mega vera lengur en einn klukkutíma á dag á svæði þar sem geislunarstyrkur er meiri en 5 $\mu\text{Sv/klst}$.

Ef vinna eða viðhald tækja krefst þess að aðrir starfsmenn en geislastarfsmenn vinni tímabundið á svæði með geislunarstyrk sem getur farið yfir 5 $\mu\text{Sv/klst}$. skal ábyrgðarmaður sjá til þess að til séu sérstakar vinnuleiðbeiningar um þá vinnu.

15. gr.

Tæki með lokaðri geislalind í lindarhúsi skal komið þannig fyrir við notkun að enginn líkamshluti starfsmanns eða almennings geti lent í geisla með meiri geislunarstyrk en 500 $\mu\text{Sv/klst}$.

16. gr.

Á lindarhúsum með opi sem beinir geisla í ákveðna stefnu skal vera loki sem getur skermað geislun frá geislalindinni. Þessi loki skal vera læstur í lokaðri stöðu þegar geislalindin er ekki í notkun. Þó þarf ekki loka ef geislunarstyrkur er lítill og ætíð minni en miðað er við í 15. gr. í 5 cm fjarlægð frá lindarhúsi.

Á tækinu skal vera merking eða vísir sem sýnir hvort opið er fyrir geisla. Uppsetningu og frágangi skal haga þannig að greinilega sjáist hvort opið er fyrir geisla áður en komið er að svæði sem geislun fellur á. Reglulega skal fylgjast með því að lokinn og merkingar á honum séu í lagi.

17. gr.

Í þeim tilvikum þar sem lokað geislalind er tekin út úr lindarhúsi við notkun skal ábyrgðarmaður sjá til þess að fyrir hendi séu skýrar vinnureglur sem tryggja viðunandi geislavarnir starfsmanns og almennings.

18. gr.

Leiki grunur á að umbúðir hafi rofnað utan um lokaða geislalind skal framkvæma stropupróf samkvæmt leiðbeiningum Geislavarna ríkisins í því skyni að greina hugsanlegan leka geislavirkra efna. Hafa skal samráð við Geislavarnir ríkisins um stropupróf þegar búnaður sem inniheldur lokaða geislalind er tekinn niður til viðhalds eða þegar skipt er um geislalind.

19. gr.

Þeir einir mega vinna við uppsetningu, viðgerð eða viðhald búnaðar sem inniheldur lokaðar geislalindir, sem hafa fengið viðeigandi starfsþjálfun og fræðslu um geislavarnir vegna starfans. Þeir skulu vinna eftir viðeigandi vinnureglum, t.d. varðandi notkun á einstaklingsgeislamælum, sbr. 9. gr.

V. KAFLI

Geymsla, flutningur og förgun lokaðra geislalinda.

20. gr.

Geislavirk efni skulu ávallt, vera tryggilega varin gegn þjófnaði og því að þau komist með einum eða öðrum hætti í hendur óviðkomandi. Öryggisráðstafanir skulu taka mið af gerð og magni efnanna. Þegar ekki er verið að nota lokaðar geislalindir skulu þær geymdar á læstum stað sem er öruggur fyrir þjófnaði, eldsvoða, vatnsskaða og öðrum skemmdum.

21. gr.

Umbúðir utan um lokaðar geislalindir skulu vera greinilega merktar með efnafræðilegu heiti og massatölu geislavirks efnis, t.d. Cs-137, með virkni og dagsetningu.

Geymslustaður skal vera greinilega merktur með aðvörunarskilti. Engir skulu geta nálgast geislavirkt efni eða komist í geisla frá því án þess að á vegi þeirra verði áberandi aðvörunarmerking.

Geislunarstyrkur utan við geymslustað lokaðrar geislalindar má ekki vera meiri en 2,5 $\mu\text{Sv}/\text{klst.}$, sbr. einnig 13. og 14. gr. Geislavarnir ríkisins geta þó veitt undanþágu frá þessu skilyrði sé geymslustaður á lokuðu svæði eða eftirlitssvæði, samkvæmt flokkun reglugerðar um háþörf geislunar starfsmanna og almennings vegna starfsemi þar sem notuð er jónandi geislun.

22. gr.

Geymsla á lokuðum geislalindum í farartækjum er ekki leyfileg nema um sé að ræða sérstakar lindir sem ætlaðar eru til mælinga fjarri alfaraleið. Ákvæði 20. gr. skulu uppfyllt við slíka geymslu.

Flutningur á lokuðum geislalindum skal vera í samræmi við reglugerð nr. 984/2000 um flutning á hættulegum farmi, með síðari breytingum (ADR-reglur).

23. gr.

Lokuðum geislalindum ber að skila til framleiðanda að notkun lokinni eða þeim skal fargað á annan hátt sem Geislavarnir ríkisins samþykkja, sbr. 8. tl. 1. mgr. 4. gr. Geislavörnum ríkisins er heimilt að krefjast förgunar eða fjarlægingar geislalinda. Sé ekki orðið við kröfu stofnunarinnar um förgun eða fjarlægingu innan tiltekens frests getur stofnunin annast framkvæmdina á kostnað eiganda skv. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir.

VI. KAFLI

Læknisfræðileg notkun lokaðra geislalinda.

24. gr.

Um læknisfræðilega notkun lokaðra geislalinda gilda einnig sérákvæði vegna læknisfræðilegrar notkunar opinna geislalinda í reglugerð um geislavarnir við notkun opinna geislalinda, að teknu eðlilegu tilliti til þess munar sem er á opnum og lokuðum geislalindum. Geislavarnir ríkisins geta sett nánari leiðbeiningar um geislavarnir við læknisfræðilega notkun lokaðra geislalinda.

VII. KAFLI

Eftirlit Geislavarna ríkisins.

25. gr.

Geislavarnir ríkisins annast reglubundið eftirlit með notkun lokaðra geislalinda skv. 17. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir. Eftirlit með notkun lokaðra geislalinda sem falla undir viðauka 1, sem og þeirra sem byggðar eru í færanleg tæki, skal fara fram annað hvert ár. Eftirlit með notkun annarra lokaðra geislalinda, s.s. í föstum tækjum, skal fara fram fjórða hvert ár.

Starfsmönnum Geislavarna ríkisins er heimill aðgangur að lokuðum geislalindum og tilheyrandi húsnæði, búnaði, gæðahandbók og skráningargögnum eftir því sem þörf krefur.

26. gr.

Eigandi lokaðrar geislalindar skal skv. 18. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir láta framkvæma úrbætur sem Geislavarnir ríkisins telja nauðsynlegar innan tiltekens frests ella er stofnuninni heimilt að stöðva frekari notkun.

Sé öryggisbúnaði lokaðrar geislalindar stórlega ábótavant skulu Geislavarnir ríkisins stöðva frekari notkun þar til úrbætur hafa verið gerðar.

27. gr.

Skráður eigandi lokaðrar geislalindar greiðir gjald fyrir reglubundið eftirlit Geislavarna ríkisins samkvæmt gjaldskrá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

VIII. KAFLI

Viðurlög.

28. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða fésektum eða fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum, sbr. 22. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir.

Um mál sem rísa kunna út af brotum á reglugerð þessari fer að hætti opinberra mála.

IX. KAFLI

Gildistaka.

29. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 4. mgr. 10. gr., 4. mgr. 13. gr., 4. mgr. 17. gr., sbr. 21. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 20. október 2003.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

VIÐAUKI 1

Mörk mikillar virkni.

Geislavarnir ríkisins geta krafist sérstakra varúðarráðstafana vegna lokaðra linda sem hafa virkni sem er meiri en eftirfarandi:

Kjarntegund	Virkni (MBq)
Co-60	4 000
Sr-90	3 000
Cs-137	20 000
Ra-226	2 000
Am-241	100 000

Um aðrar kjarntegundir veita Geislavarnir ríkisins nánari upplýsingar.

GJALDSKRÁ

um gatnagerðargjald í Akraneskaupstað.

1. gr.

Almenn heimild. Innifalið í gatnagerðargjaldi.

Af öllum nýbyggingum svo og stækkunum eldri húsa, sem eru á eignar- eða leigulóð í Akraneskaupstað, skal greiða gatnagerðargjald til bæjarsjóðs samkvæmt gjaldskrá þessari, sbr. heimild í lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996 og reglugerð um gatnagerðargjald nr. 543/1996.

Innifalið í gatnagerðargjaldi er gatnagerð, svo sem undirbygging gatna, tilheyrandi lagningar, vegna lagningar bundins slitlags, gangstéttir, umferðareyjur og þess háttar, sem gert er ráð fyrir í skipulagi.

2. gr.

Gatnagerðargjald.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingakostnaðar pr. rúmmetra, eins og hann er á hverjum tíma í vísitöluhúsi fjölbylis, eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987. Hundraðshluti byggingakostnaðar ákvarðast eftir hústegund svo sem hér segir:

Einbýlishús	8,0%
Rað- og fjöleignarhús	6,0%
Fjöleignarhús (6 íbúðir eða fleiri)	2,5%
Atvinnuhúsnæði og annað húsnæði	5,5%

Rúmmál byggingar skal reikna eftir ÍST 50 og miða við brúttóstærðir þ.m.t. bílgeymslur og önnur útihús.

Af endurbyggingu þaka íbúðarhúsa, án aukningar á nýtingu skal ekki greiða gatnagerðargjald.

Af gluggalausum kjallararými íbúðarhúsa, sem myndast þegar hagkvæmara er að grafa út grunn en fylla hann upp, skal greiða 25% af venjulegu rúmmetragjaldi, enda sé aðeins gengt í það rými innan frá.

Af bílgeymslum sem byggðar eru samkvæmt skipulagsskilmálum skal greiða 50% af rúmmetragjaldi.

Í iðnaðarhúsnæði sem vegna starfsemi sinnar þarf meira en 3,3 metra lofthæð skal hámarkslofthæð að jafnaði reiknast 3,3 metrar við útreikning rúmmetragjalds.

Gjald skal miða við stærð húss samkvæmt samþykktum uppdráttum og ÍST 50.

Útreikningur gjalda miðast við notkun samkvæmt ofangreindum flokkum. Verði notkun húsnæðis breytt þannig að það flytjist yfir í hærri gjaldflokk skal endurreikna gjaldið miðað við nýjan flokk að frádregnu eldra gjaldi.

3. gr.

Áætlun gatnagerðargjalds.

Nú er ekki fyrirbyggjandi samþykktur uppdráttur og skal þá miða við eftirfarandi lágmarksstærðir fyrir hverja íbúð í húsi:

Einbýlishús	500 m ³
Rað- og fjöleignarhús (mest 4 íbúðir), hver íbúð	400 m ³
Fjöleignarhús (5 íbúðir eða fleiri), hver íbúð	300 m ³

Í öllu öðru húsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við loft hæð 3,3 metrar nema uppdráttur sýni annað. Áætla skal nýtingarhlutfall lóðar 0,3 – 0,5 eftir nánari ákvörðun bygginga- og skipulagsnefndar hverju sinni, ef það er ekki bundið að öðru leyti í samþykktu deiliskipulagi.

Framangreindar reglur í 1. og 2. mgr., skulu gilda ef hús er stækkað, að því er til stækkunarinnar tekur.

Endanlegt gatnagerðargjald skal reikna skv. 2. gr. þegar samþykktur uppdráttur liggur fyrir og það greitt við veitingu byggingaleyfis.

4. gr.

Reglur um úthlutun lóða.

Innan eins mánaðar skal sá er fær lóð úthlutað greiða til bæjarsjóðs Akraness upp í væntanleg gatnagerðar-, byggingaleyfis-, tengi- og heimaugargjöld. Greiðsla skal miðuð við eftirtaldar stærðir:

1) Einbýlishús með tilheyrandi bílgeymslu	500 m ³
2) Íbúðir með raðhúsum og tvíbýlishúsum	400 m ³
3) Íbúðir í fjölbýlishúsum	300 m ³

Hafi lóðarhafi ekki greitt tilskilin byggingaleyfisgjöld innan eins mánaðar frá úthlutun lóðar fellur úthlutunin úr gildi. Umsækjanda að lóð, sem fengið hefur sömu lóðinni tvisvar úthlutað, án þess að hann standi við þá skilmála að greiða innan eins mánaðar áætluð leyfisgjöld, verður ekki úthlutað lóðinni í þriðja sinn nema fyrir liggja greiðsla leyfisgjalda.

Endanleg álagning gjaldanna fer fram um leið og byggingaleyfið er veitt. Byggingafrankvæmdir verða ekki leyfðar nema fullnaðaruppgjör álagðra gjalda fari fram.

Lóðarhafa er heimilt að skila lóð og skal þá endurgreiða honum gjöld þau sem áður hafa verið greidd. Heimilt er að fresta endurgreiðslu gatnagerðargjalds í allt að 12 mánuði eftir að lóð er skilað gegn greiðslu almennra innlánsvaxta á innstæðu sem ógreidd kann að vera í 3 mánuði eða lengur. Byggingaleyfisgjald er óendurkræft skv. byggingarreglugerð nr. 44/1998 gr. 27.

Úthlutun lóða fellur úr gildi í eftirfarandi tilvikum:

- Ef álögð gjöld eru ekki greidd innan eins mánaðar frá úthlutun lóðar.
- Hafi teikningar af fyrirhugaðri byggingu ekki borist byggingarnefnd til samþykktar innan 3 mánaða frá því að lóð var úthlutað. Byggingarfulltrúa er heimilt að veita viðbótarfrest í allt að einn mánuð í þeim tilfellum sem lóðarhafi sýnir fram á að frestur sé ekki nægur til að leggja fram nauðsynlegar teikningar af þeirri húseign sem byggja skal.
- Hafi framkvæmdir ekki hafist eða verið óverulegar 12 mánuðum eftir úthlutun lóðar.

Sé lóð tekin af lóðarhafa vegna vanefnda hans á skilmálum eða úthlutun fellur úr gildi af öðrum orsökum, skal bæjarsjóður endurgreiða gatnagerðargjald á því rúmmetragjaldi, sem gildir þegar lóðarúthlutun fellur úr gildi. Ákveði bæjarsjóður að fresta endurgreiðslu gjaldsins í allt að 12 mánuði skal inneign hvorki bera verðbætur eða vexti á þeim tíma. Bæjarsjóði skal heimilt að ákveða sér hæfilega þóknun fyrir þá þjónustu, sem veitt hefur verið áður en lóðarúthlutun féll úr gildi.

Lóðarhafa er óheimilt að framselja lóðarréttindi fyrir en lóðarleigusamningur hefur verið gerður. Skilyrði þess að lóðarleigusamningur verði gerður við lóðarhafa er að hann hafi lokið frágangi á sökklum og grunnplötu.

Framkvæmdir á lóðinni eru háðar byggingalögum og byggingareglugerð, skipulagslögum, skilmálum og ákvæðum sem bæjarstjórn Akraness setur og fást afhent á skrifstofu tækni- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar.

Lóðaruppdráttur og mæliblöð verða afhent á skrifstofu tækni- og umhverfissviðs gegn framvísun kvittunar fyrir fyrirframgreiðslu byggingagjalda.

Með undirritun sinni á umsókn samþykkir lóðarhafi að hlíta ofangreindum reglum svo og þeim reglum sem vísað er til.

5. gr.

Greiðsla gatnagerðargjalds.

Greiða skal 50% gatnagerðargjalds innan eins mánaðar frá lóðarveitingu og eftirstöðvar þegar byggingaleyfi er veitt. Hafi gjöldin eigi verið greidd innan ofangreinds frests, fellur úthlutun lóðarinnar úr gildi. Umsækjanda að lóð, sem fengið hefur sömu lóðinni úthlutað án þess að hann standi við þá skilmála að greiða innan eins mánaðar áætluð leyfisgjöld, verður ekki úthlutað lóðinni í þriðja sinn, nema fyrir liggi greiðsla leyfisgjalda.

Bæjarráð getur veitt sérstakan greiðslufrest á gatnagerðargjaldi tengdu veitingu byggingaleyfis séu sérstakar ástæður fyrir hendi.

6. gr.

Endurgreiðsla gatnagerðargjalds.

Gatnagerðargjald skal endurgreitt í eftirtöldum tilvikum:

- a) Ef lóðarhafi skilar úthlutaðri lóð eða ef lóðarúthlutun er afturkölluð.
- b) Ef gatnagerðargjald hefur verið veitt í tengslum við útgáfu byggingaleyfis, en leyfið fellur úr gildi.

Endurgreiðslu gatnagerðargjalds skv. a-lið 1. mgr. er heimilt að fresta þar til lóð er úthlutað að nýju, en þó ekki lengur en í 6 mánuði. Frestur til endurgreiðslu er í öðrum tilvikum 1 mánuður frá því að lóðarhafi krefst endurgreiðslu gatnagerðargjalds skv. b-lið 1. mgr.

Gatnagerðargjald skal endurgreitt og verðbætt miðað við vísitölu byggingakostnaðar, frá því lóðarhafi greiddi gatnagerðargjaldið til endurgreiðsludags.

7. gr.

Afturköllun lóðarúthlutunar og heimild til afturköllunar byggingaleyfis ef gatnagerðargjald er ekki greitt.

Nú greiðir lóðarhafi ekki gatnagerðargjald á tilskildum tíma og er bæjarstjórn þá heimilt að afturkalla byggingaleyfið og/eða lóðarúthlutun og skal kveðið svo á í úthlutunar- eða byggingaskilmálum.

8. gr.

Ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds. Lögveðsréttur.

Lóðarhafi ber ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds.

Gatnagerðargjald er ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði tryggt með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Lögveðsrétturinn helst þó samið verði um greiðslufrest skv. 2. mgr. 5. gr. og skal þess getið í skilmálum.

9. gr.

Um eldri samninga og gatnagerðargjöld, álögd fyrir 1. janúar 1997.

Samningar og skilmálar um gatnagerðargjöld og álögd gatnagerðargjöld fyrir 1. janúar 1997, skulu halda gildi sínu og innheimtast skv. heimild í ákvæði til bráðabirgða í lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996, sbr. 15. gr. reglugerðar um gatnagerðargjöld nr. 543/1996.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi við birtingu.

Þannig samþykkt við síðari umræðu í bæjarstjórn 28. október 2003.

Fyrri umræða fór fram þann 14. október 2003.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt bæjarstjórnar Akraness frá 12. desember 2000, sbr. auglýsingu nr. 982/2000 í B-deild Stjórnartíðinda.

Akranesi, 29. október 2003.

Gísli Gíslason bæjarstjóri.

SAMÞYKKT

um fráveitur og notkun og hreinsun rotþróa í Súðavíkurbreppi.

I. KAFLI

Fráveitur.

1. gr.

Þar sem Súðavíkurbreppur hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga hús að eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skólp frá því út í aðalræsi. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, eftir því sem unnt er, leiða í ræsi. Vanræki einhver að láta gera holræsi frá húsi að göturæsi innan hæfilegs frests, getur hreppsnefnd látið vinna verkið á hans kostnað. Sama gildir ef húseigandi vanrækir viðhald heimæðar.

2. gr.

Öll framkvæmdastörf sem holræsakerfi staðarins varða, svo sem viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón alla annast hreppsnefnd eða þeir menn sem hreppsnefnd felur það undir hennar umsjón. Engum er heimilt að leggja ræsi í aðalræsi, nema með leyfi þessara aðila, og er skylt að hlíta í öllu fyrirmælum þeirra um gerð og legu ræsis og annað þess háttar, er máli skiptir. Sveitarskrifstofa annast reikningshald og fjárreiður holræsagerðarinnar.

3. gr.

Kostnaður allur við holræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði. Til að standast þann kostnað ber hverjum húseiganda, sem tengir heimæð við aðalæð, að greiða allan kostnað af lagningu heimæðarinnar. Einnig ber hverjum húseiganda, sem á hús við veg, götu eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, að greiða árlegt holræsagjald til sveitarsjóðs sem miðast við fasteignamat húss og lóðar og tengigjald fyrir hvert hús sem er tengt holræsakerfi þorpsins. Gjaldið er ákveðið í gjaldskrá sem sveitarstjórn setur að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar og í samræmi við ákvæði 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, sbr. og ákvæði X. kafla vatnalaga nr. 15/1923. Sveitarstjórn skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

4. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu holræsagjalds gagnvart sveitarsjóði. Kröfur sem sveitarstjórn kann að öðlast skv. 1. og 3. gr. má taka lögtaki á kostnað gjaldanda og eru gjöld

Þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Gjalddagar holræsagjalds eru sömu og fasteignaskatts.

5. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með að hætti opinberra mála.

II. KAFLI

Notkun og hreinsun rotþróa í Súðavíkurhreppi.

6. gr.

Frárennsli sérhverrar húseignar í Súðavíkurhreppi sem ekki er unnt að tengja við holræsakerfi, skal leiða gegnum rotþró og frekari hreinsun (alla jafnan siturlögn) samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar.

Húsráðendur og forsvarsmenn fyrirtækja eða stofnana eru ábyrgir fyrir því að fráveitur húsa á þeirra vegum séu í samræmi við lög og reglur þar um. Samþykki Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða þarf fyrir nýjum og endurbættum fráveitum. Stærð, staðsetning og frágangur rotþróa er háð samþykki Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða og úttekt byggingafulltrúa.

7. gr.

Súðavíkurhreppur annast alla meðhöndlun seyru í sveitarfélaginu í samræmi við reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru. Það felur í sér tæmingu rotþróa, ásamt flutningi og endurnýtingu eða förgun seyru frá íbúðarhúsnæði, sumarbústöðum, stofnunum og atvinnustarfsemi. Hreppsnefnd Súðavíkurhrepps er heimilt að fela öðrum aðilum framkvæmd verksins. Þeir aðilar skulu hafa starfsleyfi í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða annast eftirlit með starfsemi.

8. gr.

Rotþrær skulu tæmdar reglulega og ekki sjaldnar en annað hvert ár, og skal húseigandi sjá um að greiður aðgangur sé með hreinsitæki að rotþrónni.

9. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að innheimta gjöld vegna hreinsunar rotþróa á vegum sveitarfélagsins, samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Gjöld skulu lögð á hverja fasteign, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur framangreindrar þjónustu. Birta skal gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

10. gr.

Heimilt er að innheimta aukagjald af þeim húseiganda, þar sem hreinsun rotþróa er óvenju kostnaðarsöm, einnig ef um sérstaka rotþró er að ræða við útihús eða þegar sérstakar aðstæður krefjast aukinnar hreinsunar. Gjald þetta skal þó aldrei vera hærra en sem nemur sannanlegum kostnaði við verkið.

11. gr.

Hreppsnefnd getur fellt niður eða veitt afslátt á gjaldi, þegar um er að ræða einstakling með takmarkaða greiðslugetu, ellilífeyrisþega o.s.frv. Sækja skal um afslátt eða niðurfellingu til hreppsnefndar.

III. KAFLI Ýmis ákvæði.

12. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna tæmingar rotþróa eða meðhöndlunar seyru skal hann koma slíkri kvörtun á framfæri við framkvæmdaraðila verksins. Telji viðkomandi sig ekki fá fullnægjandi úrlausn hjá sveitarfélaginu, getur hann skotið málinu til Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða. Að öðru leyti fer um málsskot samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Mál út af brotum á samþykkt þessari eða gjaldskrá sem settar eru samkvæmt henni skal fara með sem opinbert mál.

13. gr.

Framangreind samþykkt hreppsnefndar Súðavíkurhrepps staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um holræsi og holræsagjöld í Súðavíkurhreppi nr. 355/1975.

Ákvæði til bráðabirgða.

Eigendur þeirra húseigna sem ekki tengjast fullnægjandi rotþróum við setningu samþykktar þessarar hafa frest til 1. janúar 2005 til að uppfylla ákvæði hennar.

Umhverfissráðuneytinu, 30. október 2003.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 10/2003 um framlengingu á fresti skattstjóra til að afgreiða kærur vegna álagningar opinberra gjalda einstaklinga.

Með vísan til 120. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ríkisskattstjóri ákveðið að breyta tímamarki því sem skattstjórum er sett, sbr. 99. gr. sömu laga, til að úrskurða kærur sem bárust vegna þeirrar álagningar opinberra gjalda á einstaklinga er lauk 31. júlí 2003.

Í stað 29. október 2003 skulu skattstjórar hafa lokið við að úrskurða kærur þann 4. febrúar 2004 vegna álagningar gjalda á tekjur ársins 2002 og eigna í lok þess árs.

Reykjavík, 29. október 2003.

Ingvar J. Rögnvaldsson vararíkisskattstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi og um deiliskipulag frístundabyggða í Grímsnes- og Grafningshreppi.

a) *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Ásgarðs, Fljótsbakka 30 og 32.*

Breytingin felst í því að aðkoma á lóð nr. 30 sem legið hefur um lóð nr. 32 við Fljótsbakka verður á milli lóða nr. 29 og 32.

b) *Deiliskipulag frístundabyggðar á Kvíanesi í landi Efri-Brúar, Grímsnes- og Grafningshreppi.*

Deiliskipulagið er um 15,2 ha á svæði sem afmarkast af Úlfljótsvatni, Þingvallavegi (nr. 36) og landi Kvíaness að sunnan. Gert er ráð fyrir 23 frístundalóðum.

c) *Deiliskipulag frístundabyggðar Miðborga í landi Miðengis, Grímsnes- og Grafningshreppi.*

Deiliskipulagið er um 62 ha þar sem gert er ráð fyrir 56 frístundalóðum.

Erindi þessi hafa fengið meðferð samkvæmt 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 29. október 2003.

Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri.

SAMPYKKT

um meðhöndlun úrgangs í Súðavíkurreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Súðavíkurrepps annast eða býður út meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. sorpsöfnun og sorpförgun, í sveitarfélaginu samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða hefur eftirlit með meðferð úrgangs, sbr. ákvæði 4. mgr. 4. gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs. Hreppsnefnd Súðavíkurrepps sér til þess, í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða og framkvæmdaaðila, að íbúar fái fræðslu um flokkun og aðra meðferð úrgangs, s.s. móttöku hans og förgun, t.d. með útgáfu leiðbeininga.

2. gr.

Sérhverjum húseiganda og umráðamanni húsnæðis (húsráðanda) er skylt að nota þær aðferðir og þau ílát við geymslu og meðferð úrgangs sem sveitarstjórn, í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, ákveður hverju sinni í samræmi við lög og reglur þar að lútandi. Húsráðendur skulu halda ílátum hreinum og í góðu ástandi. Húsráðendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymlum og sorpílátum eins og þörf krefur til að halda ávallt greiðfærri leið að þeim.

3. gr.

Söfnun heimilisúrgangs fer fram í þéttbýli einu sinni í viku.

4. gr.

Sorpgámum er komið fyrir á völdum stöðum í inndjúpi. Í sorpgáma inni í djúpi má aðeins setja heimilisúrgang. Ábúendur eða eigendur lögbýla, eigendur sumarbústaða og hjólhýsa sem notuð eru sem sumarbústaðir og fyrirtæki skulu sjálf sjá um að koma sorpi í gámana eftir þörfum.

5. gr.

Óheimilt er að láta garðaúrgang, jarðvegsefni, brotajárn og annan grófan úrgang í sorpflát og gáma. Jarðvegsefni, þ.m.t. grjót, múrbrot o.þ.h. skal setja á viðurkennda losunarstaði. Spilliefnum, lyfjum og öðrum hættulegum úrgangi skal skilað á viðurkennda móttökustaði. Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætta er á að skaði þá sem meðhöndla úrgang eða sorpflát, skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt. Gæta skal þess að fylla ekki sorpflátin meira en svo að auðveldlega megi loka þeim. Húsráðanda er heimilt að skila umframúrgangi á viðurkennda móttökustaði á vegum sveitarfélagsins.

6. gr.

Söfnun heimilisúrgangs skal fara fram reglulega eftir fyrirfram gerðri áætlun staðfestri af Súðavíkurhreppi.

7. gr.

Súðavíkurhreppur skal innheimta gjald fyrir förgun úrgangs í samræmi við ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þá er hreppnum heimilt að innheimta sorphirðugjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi í samræmi við 2. mgr. 11. gr. laganna. Gjaldið skal sett og innheimt samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar.

Heimilt er að ákveða gjaldið sem fast gjald á hverja fasteignareiningu miðað við fjölda sorpfláta eða þjónustustig. Gjöld í hverjum flokki skulu vera sem næst meðal raunkostnaði við þá þjónustu sem veitt er, en þó aldrei hærri en sem nemur þeim kostnaði sem fellur til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi.

Gjöld skulu lögð á hverja fasteign, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur framangreindrar þjónustu. Súðavíkurhreppur skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

8. gr.

Súðavíkurhreppi er heimilt að setja upp gjaldskrárflokka fyrir mismunandi þjónustu, með það að markmiði að draga úr úrgangsmagni og umfangi þess sem fer til urðunar.

9. gr.

Óheimilt er að skilja eftir eða geyma rusl, garðaúrgang og úrgang á víðavangi, götum, gangstígum eða fjörum í sveitarfélaginu. Sama á við um númerslaugar bifreiðar, bílflok, vélar og sambærilega hluti.

10. gr.

Hafi eigandi eða umráðamaður húsnæðis fram að færa kvörtun vegna meðhöndlunar úrgangs, skal hann koma slíkri kvörtun til Heilbrigðisefirlits Vestfjarða eða sveitarstjóra Súðavíkurhrepps.

11. gr.

Brjótí eigandi eða umráðamaður eignar ákvæði samþykktar þessarar um meðferð úrgangs skal brotið tilkynnt til sveitarstjórnar eða Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, sem gera viðeigandi ráðstafanir til að bætt verði úr.

12. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum 26. og 27. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

13. gr.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt ákvæðum 3. ml. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 30. október 2003.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

um útgáfu leyfa til dýrahalds í atvinnuskyni sem ekki fellur undir búfjárhald.

Gjald vegna útgáfu leyfis.

1. gr.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir útgáfu leyfa til hvers konar ræktunar, verslunar, þjálfunar, tamningar, geymslu og leigu dýra í atvinnuskyni sem ekki fellur undir búfjárhald skv. 12. gr. laga nr. 15/1994 um dýravernd með síðari breytingum.

Upphæð gjaldsins skal vera:

fyrir leyfi til dýrasýninga og dýrahappdrættis:	kr. 5.500
fyrir leyfi vegna dýrahalds í atvinnuskyni önnur en leyfi til dýrasýninga og dýrahappdrættis:	kr. 30.500
fyrir endurnýjun leyfa vegna dýrahalds í atvinnuskyni annarra en til dýrasýninga og dýrahappdrættis:	kr. 20.500

Umframkostnaður.

2. gr.

Sé útgáfa leyfis umfangsmikil og hafi í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en gert er ráð fyrir í 1. gr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu þó þannig að heildarkostnaður við útgáfu leyfis verði ekki hærrí en kr. 60.500. Umhverfisstofnun skal gera umsækjanda grein fyrir umfangi umframvinnu vegna útgáfu leyfis.

Tímagjald sérfræðings er: kr. 5.000

Innheimta.

3. gr.

Umhverfisstofnun innheimtir gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari. Reikningur skal gefinn út þegar ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis hefur verið tekin. Eindagi gjalda er 30 dögum eftir útgáfu reiknings. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga hafi gjöld ekki verið greidd á eindaga. Heimilt er að innheimta kostnað sem hlýst af innheimtu gjalda séu þau ekki greidd á eindaga.

Gildistaka.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er á grundvelli 12. gr. laga nr. 15/1994 um dýravernd, öðlast gildi við birtingu.

Umhverfísráðuneytinu, 29. október 2003.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

*Þórður H. Ólafsson.***AUGLÝSING****um breytingu á deiliskipulagi á Akureyri.***Fjölbýlishúsalóð við Skessugil.*

Skv. skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Akureyrar á fundi sínum 2. september 2003 samþykkt breytingu á deiliskipulagi Giljahverfis III frá 8. apríl 1997.

Breytingin felst í því að í stað áformaðs hverfisvallar við enda Skessugils kemur lóð fyrir tvö tveggja hæða fjölbýlishús með samtals 8 íbúðum.

Uppdráttur með greinargerð hefur hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 27. október 2003.

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi.

AUGLÝSING**um tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir „Álverið í Straumsvík“ í Hafnarfirði.**

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 27. maí 2003 tillögu að deiliskipulagi fyrir „Álverið í Straumsvík“ í Hafnarfirði. Tillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar, 28. október 2003.

Anna Margrét Tómasdóttir arkitekt.

AUGLÝSING

um umferð í Mosfellsbæ.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Mosfellsbæjar hefur verið ákveðið að stöðvunarskylda verði á Langatanga fyrir umferð um Skeiðholt.

Ákvörðun þessi tekur gildi 1. nóvember 2003.

Reykjavík, 27. október 2003.

Ingimundur Einarsson varalögreglustjóri.

GJALDSKRÁ

fyrir búfjáreftilit í Eyjafjarðarsveit.

1. gr.

Gjald fyrir sérstaka haustskoðun sbr. 11. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., skal miðast við tímaeiningu. Gjald á tímaeiningu, sem er ein klst., er kr. 5.000.

2. gr.

Eftirlitsgjald sbr. 15. og 16. gr laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl. skal vera kr. 5.000 á tímaeiningu.

3. gr.

Aksturskostnaður vegna ferða eftirlitsmanna sbr. 1. og 2. gr. skal greiddur af umráðamanni hlutaðeigandi búfjár. Kostnaður á hvern ekinn km miðast við gjald sem ákveðið er af ferðakostnaðarnefnd fjármálaráðuneytisins.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku skv. 1. og 2. gr.

4. gr.

Endurskoðun gjaldskrár þessarar skal fara fram við afgreiðslu fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins ár hvert.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt hefur verið við tvær umræður af sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar, er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl. og staðfestist hér með af ráðherra til að öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 28. október 2003.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Atli Már Ingólfsson.

AUGLÝSING

um gjald vegna námskeiðs til undirbúnings prófi til að öðlast réttindi til að vera héraðsdómslögmaður.

Samkvæmt 16. gr. reglugerðar nr. 774/2000 um próf til að öðlast réttindi til að vera héraðsdómslögmaður er gjald vegna fyrri hluta námskeiðs sem haldið verður í byrjun árs 2004 ákveðið kr. 120.000. Í námskeiðsgjaldi er innifalið gjald fyrir próf.

Gjald fyrir þátttöku í seinni hluta námskeiðs verður ákveðið síðar.
Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 28. október 2003.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á grunnfjárhæðum skv. 4. og 6. gr., sbr. 22. gr. laga um erfðafjárskatt nr. 83/1984.

Grunnfjárhæð skv. 4. gr. verður kr. 858.827.

Grunnfjárhæð skv. 6. gr. verður kr. 61.814.

Breyting þessi tekur gildi 1. desember 2003 og gildir til 30. nóvember 2004.

Fjármálaráðuneytinu, 31. október 2003.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Elva Ósk S. Wium.

SAMÞYKKT

um afgreiðslu byggingarfulltrúa Fjarðabyggðar skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum.

1. gr.

Byggingarfulltrúi Fjarðabyggðar afgreiðir án staðfestingar skipulags- og byggingarnefndar mál er falla undir skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, og skilgreind eru sem verkefni byggingarnefnda í lögnum, önnur en úthlutun lóða, gerð byggingarskilmála og tillagna um nöfn gatna, torga og bæjarhluta.

2. gr.

Mál er falla undir 1. gr. afgreiðir byggingarfulltrúi og getur gefið út byggingarleyfi ef framkvæmdin uppfyllir öll ákvæði laga og reglugerða sem við geta átt, að þremur skilyrðum uppfylltum:

1. Að byggingarstjóri og iðnmeistarar sem ábyrgð bera, hafi undirritað yfirlýsingu um ábyrgð, sbr. 44. gr., 51. gr., og 52. gr. byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum.
2. Tilskilin gjöld vegna byggingarframkvæmdanna hafi verið greidd.
3. Að framkvæmdin sé í samræmi við gildandi skipulag.

3. gr.

Mál sem byggingarfulltrúi afgreiðir samkvæmt samþykkt þessari skulu lögð fram til kynningar á næsta fundi í skipulags- og byggingarnefnd og bókuð í gerðarbók nefndarinnar, en ekki tekin þar til annarrar afgreiðslu, en skulu hljóta afgreiðslu bæjarstjórnar Fjarðabyggðar með sama hætti og aðrar bókanir byggingarnefndar. Í gerðarbókinni skal koma fram nafn umsækjanda, um hvað er sótt, og hvernig afgreiðslu málið fékk hjá byggingarfulltrúa.

Synji byggingarfulltrúi erindi skal hann gera hlutaðeigandi grein fyrir því með skriflegum rökstuðningi. Í slíkum tilfellum skulu líða a.m.k. 14 dagar þar til hann leggur málið fram í byggingarnefnd.

4. gr.

Um afgreiðslu byggingarfulltrúa gilda eftir því sem við á, ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, og ákvæði byggingarreglugerðar.

5. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu byggingarfulltrúa eða byggingarfulltrúi synji að afgreiða erindi, er honum heimilt að skjóta máli sínu til skipulags- og byggingarnefndar innan 14 daga frá því honum er kunnugt um afgreiðslu byggingarfulltrúa, og fer um meðferð kærumála skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, og skv. stjórnarsýslulögum nr. 37/1993.

Skulu slík kærumál send til bæjarstjóra Fjarðabyggðar. Enn fremur er hægt að skjóta málinu til úrskurðarnefndar, sbr. 8. gr. og 4. mgr. 39. gr. skipulags- og byggingarlaga.

6. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Fjarðabyggðar staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 117/1999, um breytingu á skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfissráðuneytinu, 21. október 2003.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Austur-Héraði.

Bæjarstjórn Austur-Héraðs hefur þann 15. október 2003 samþykkt eftirfarandi deiliskipulög fyrir íbúðasvæði á Egilsstöðum:

1. Deiliskipulag þéttingar byggðar við Árskóga á Egilsstöðum. Deiliskipulagið nær yfir lóð nr. 1 við Árskóga (þrjú lítill fjölbýlishús) og nr. 4 við Dynskóga (verslunarlóð).
2. Deiliskipulag þéttingar byggðar við Koltröð. Deiliskipulagið nær til lóða nr. 16 og 18 við Koltröð og gerir ráð fyrir tveimur einbýlishúsum.

Ofangreind deiliskipulög hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Egilsstöðum, 30. október 2003.

Þórhallur Pálsson skipulagsfulltrúi.

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnareftirlit á varnarsvæðum.

1. gr.

Af atvinnustarfsemi á varnarsvæðunum sem háð er starfsleyfi eða heilbrigðiseftirliti samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, er Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja fyrir hönd utanríkisráðherra heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Tímagjald fyrir verkefni sem Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja annast í þágu heilbrigðis- og mengunarvarnareftirlits á varnarsvæðum skal nema 6.100 kr./klst.

3. gr.

Gjöld fyrir starfsleyfi fyrir starfsleyfisskylda starfsemi skulu vera sem hér segir:

1. Starfsleyfi vegna nýrrar starfsemi: Eitt tímagjald og eftirlits- og sýnatökugjald samkvæmt viðkomandi fyrirtækjaflokki, sbr. 4. gr.
2. Endurnýjun starfsleyfis: Hálf tímagjald og auglýsingakostnaður ef við á.

Gjöld þessi skulu greiddast við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

4. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi er Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja heimilt að innheimta eftirlits- og sýnatökugjald af starfsemi eins og fram kemur í viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða er að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja heimilt að lækka gjaldið.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

Gjalddagi gjalda samkvæmt þessari grein er 1. apríl og eindagi er 1. maí ár hvert. Dráttarvextir skulu reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtu-kostnaðar.

5. gr.

Gjöld vegna rannsókna við sýni samkvæmt eftirlitsáætlun kr. 7.350.

6. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja gefur út samkvæmt gögnum skal greiða hálf títugjald.

7. gr.

Gjöld fyrir eiturbeiðnir skulu nema hálfu títugjaldi.

8. gr.

Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist skv. reikningi.

Sé um að ræða eftirlitsverkefni, sem eru umfram það reglubundna eftirlit og sýnatöku samkvæmt eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, er heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra eins og um þjónustuverkefni væri að ræða.

9. gr.

Um innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

10. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi, sem fellur undir gjaldskrá þessa á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, þá í þeim flokki sem hærra er.

11. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

12. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með stoð í 3. mgr. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

13. gr.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi við birtingu.

Utanríkisráðuneytinu, 31. október 2003.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

VIÐAUKI A

<i>Heiti</i>	<i>kr.</i>	<i>Heiti</i>	<i>kr.</i>
Trésmíðaverkstæði	11.037	Verslun með matvæli, snyrtivörur og lyf	139.200
Steypastöð	31.164	Verslun með matvæli og snyrtivörur	72.500
Einingarverksmiðja (steypa)	10.388	Söluturn	58.000
Malbikunarstöð	155.820	Snyrtivörur	17.400
Blikksmiðja	5.800	Starfsmannabúðir	17.400
Blikk- og pípulagningarverkstæði	5.800	Svefnskáli	17.400
Járnaverkstæði	5.800	Veitingasala	30.450
Járn- og pípulagningarverkstæði	5.800	Veitingar og barir	139.200
Járnbindingarverkstæði	13.050	Mötuneyti, stórt	135.800
Véladeild	13.050	Mötuneyti, mjög stórt	213.000
Vélaverkstæði	13.050	Móttökueldhús	25.970
Vélaskemma	10.388	Framleiðsla á flugmat, mötuneyti	418.800
Vélageymsla	10.388	Olíubirgðastöð	278.400
Frystivélavíðgerðir	10.388	Flugvélar til farþegaflutn.m. móttökueldhúsi	21.500
Rafmagnsverkstæði	4.713	Innflutningur, geymsla og dreifing á matvælum	34.800
Vörulager og lítulsháttar trésmíði	11.037	Móttaka og geymsla á matvælum	34.800
Rafmagnsverkstæði	4.713	Frakt stöð, (vöruflutningamiðstöð)	34.800
Skýli/trésmíði	11.037	Eldsneyti afgreitt á flugvélar	278.400
Málingarverkstæði	10.388	Olíubirgðastöð	278.400
Málingarverkstæði/lager	10.388	Fraktflutningar á matvælum	10.388
Tækja- og dekkjaverkstæði	7.975	Vöruflutningamiðstöð	10.388
Þvottastöð	10.150	Flugstöðvarrekstur alþjóðlegs flugvallar	311.640
Tækjaverkstæði	7.975	Ræstingar, geymsla á hættulegum efnum	11.600
Lítill bensínstöð	20.776	Rakarastofa	11.600
Bensínstöð	20.776		

AUGLÝSING

**um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 3/2003
um gildistöku reglna um skipan og starfsemi flugverndarnefnda flugvalla.**

Með vísan til 2. mgr. 70. gr. og 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir og reglugerðar um flugmálahandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands nr. 326/2000, hefur Flugmálastjórn ákveðið að þann 1. nóvember taki gildi reglur um skipan og starfsemi flugverndarnefnda flugvalla.

Ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands er birt í heild sinni í flugmálahandbók Flugmálastjórnar, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands).

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 21. október 2003.

Porgeir Pálsson flugmálastjóri.

REGLUGERÐ

um hollustuhætti og mengunarvarnir á varnarsvæðum.

1. gr.

Eftirtaldar reglugerðir skulu gilda á varnarsvæðum með þeim breytingum sem greinir í reglugerð þessari:

Reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun,

reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit,

reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði,

reglugerð nr. 788/1999 um varnir gegn loftmengun af völdum hreyfanlegra uppsprettna,

reglugerð nr. 795/1999 um úrgang frá tíandíoxíðíðnaði,

reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns,

reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns,

reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp,

reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru,

reglugerð nr. 800/1999 um losunarmörk, umhverfismörk og gæðamarkmið fyrir losun á kvikasilfri í yfirborðsvatn,

reglugerð nr. 801/1999 um losunarmörk, umhverfismörk og gæðamarkmið fyrir losun á kvikasilfri í yfirborðsvatn frá atvinnurekstri sem stundar rafgreiningu alkalíklóríða,

reglugerð nr. 802/1999 um losunarmörk, umhverfismörk og gæðamarkmið fyrir losun á kadmíum í yfirborðsvatn,

reglugerð nr. 803/1999 um losunarmörk, umhverfismörk og gæðamarkmið fyrir losun á hexaklórskýklóhexani (HCH) í yfirborðsvatn,

reglugerð nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri,

reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni,

reglugerð nr. 807/1999 um brennslu spilliefna,

reglugerð nr. 808/1999 um sorpbrennslustöðvar,

reglugerð nr. 809/1999 um olíuúrgang,

reglugerð nr. 870/2000 um takmarkanir á innflutningi, notkun og meðhöndlun asbests,

reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang,

reglugerð nr. 251/2002 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmsloftinu og upplýsingar til almennings.

reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs,

reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs,

reglugerð nr. 739/2003 um brennslu úrgangs,

reglugerð nr. 745/2003 um styrk ósons við yfirborð jarðar.

2. gr.

Utanríkisráðherra skal gegna því hlutverki og þeim störfum sem umhverfisráðherra er ætlað í ofangreindum reglugerðum.

3. gr.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja skal fara með hlutverk og þau störf sem heilbrigðisnefndum, heilbrigðisfulltrúum og Umhverfisstofnun er ætlað að gegna í ofangreindum reglugerðum, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

4. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar og þeirra reglugerða sem vitnað er til í 1. gr. reglugerðar þessarar varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum.

Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa enda hafi brotið orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 5. gr., sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 7/1998 um hollustu-hætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. og lög nr. 32/1996 um varnir gegn mengun sjávar, lög nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni og lög nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur og lög nr. nr. 106/1954 um yfirstjórn mála á varnarsvæðum o.fl.

6. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi við birtingu.

Utánríkisráðuneytinu, 31. október 2003.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, nr. 374/2001.

1. gr.

2. másl. 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Leiði athugun nefndarinnar í ljós að afkoma sveitarsjóðs er ekki í samræmi við 5. gr. eða fjármál sveitarfélagsins stefni að öðru leyti í óefni skal nefndin aðvara viðkomandi sveitarstjórn og kalla eftir skýringum.

2. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Skilgreiningar.

Tekjur:

Skatttekjur og aðrar tekjur sveitarfélags, sbr. viðauka 1 í auglýsingu nr. 790/2001.

Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir:

Tekjur að frádregnum launum og launatengdum gjöldum og öðrum rekstrarkostnaði samkvæmt rekstrarreikningi, sbr. viðauka 1 í auglýsingu nr. 790/2001.

Rekstrarniðurstaða:

Tekjur að frádregnum öllum rekstrargjöldum samkvæmt rekstrarreikningi, sbr. viðauka 1 í auglýsingu nr. 790/2001.

Veltufé frá rekstri:

Veltufé frá rekstri samkvæmt upplýsingum úr sjóðsstreymi, sbr. viðauka 4 í auglýsingu nr. 790/2001.

Fjárfestingarhreyfingar:

Fjárfestingarhreyfingar samkvæmt upplýsingum úr sjóðsstreymi, sbr. viðauka 4 í auglýsingu nr. 790/2001.

<i>Varanlegir rekstrarfjármunir:</i>	Birgðir, skammtímakröfur, verðbréf og handbært fé, sbr. viðauka 2 í auglýsingu nr. 790/2001.
<i>Langtímaskuldir:</i>	Skuldir við lánastofnanir og aðrar langtímaskuldir sveitar- sjóðs, sbr. viðauka 3 í auglýsingu nr. 790/2001.
<i>Skuldir:</i>	Langtímaskuldir og skammtímaskuldir, sbr. viðauka 3 í auglýsingu nr. 790/2001.
<i>Eignir:</i>	Heildareignir sveitarfélags, þ.e. fastafjármunir og veltufjár- munir, samkvæmt efnahagsreikningi, sbr. viðauka 2 í aug- lýsingu nr. 790/2001.
<i>Eiginfjárhlutfall:</i>	Eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi í hlutfalli við eignir.
<i>Lykiltala:</i>	Hlutfallslegt gildi til að fá samanburðarhæfar upplýsingar milli sveitarfélaga, óháðar stærð eða umfangi þeirra.

3. gr.

Á eftir 5. gr. reglugerðarinnar koma tvær nýjar greinar, er orðast svo:

a. (5. gr. a.)

Ákveði sveitarstjórn að selja fasteignir sem falla undir 2. mgr. 73. gr. sveitarstjórnar-
laga skal hún tilkynna þá ákvörðun til eftirlitsnefndar, og senda nefndinni greinargerð sér-
fróðs aðila um áhrif sölunnar á fjárhag sveitarfélagsins. Í tilkynningu skal koma fram hvaða
áform sveitarstjórn hefur um ráðstöfun söluandvirðis eða ávöxtun þess. Eftirlitsnefnd skal
kanna sjálfstætt hvaða fjárhagslegu áhrif salan hefur á rekstur sveitarfélagsins. Telji nefndin
að þess sé þörf getur hún sett fram tillögur sínar til viðkomandi sveitarstjórnar um aðra ráð-
stöfun söluandvirðis eða ávöxtun þess en fram kemur í tilkynningu til nefndarinnar.

b. (5. gr. b.)

Ef sveitarstjórn tekur ákvörðun um verulegar skuldbindingar sem ekki koma fram í fjár-
hagsáætlun, þ.m.t. langtímaskuldbindingar samkvæmt leigusamningum, samningum um
rekstur fasteigna eða þjónustu við íbúa eða sambærilegum samningum, skal hún tilkynna þá
ákvörðun til eftirlitsnefndar.

4. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Árlega skal eftirlitsnefnd kanna reikningsskil sveitarfélags, fjárhagsáætlun og þriggja
ára áætlun, reikna út lykiltölur, sbr. 3. mgr., og bera þær saman við viðmið, sbr. 8. gr.

Gögn, sbr. 1. mgr., skulu ná til aðalsjóðs sveitarfélags og annarra sjóða og stofnana er
falla undir a-lið 60. gr. sveitarstjórnarlaga.

Eftirfarandi lykiltölur skal reikna út og bera saman við viðmið:

1. *Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir í hlutfalli við tekjur.*
2. *Rekstrarniðurstaða í hlutfalli við tekjur.*
3. *Veltufé frá rekstri í hlutfalli við tekjur.*
4. *Fjárfestingarhreyfingar í hlutfalli við veltufé frá rekstri.*
5. *Langtímaskuldir í hlutfalli við varanlega rekstrarfjármuni.*
6. *Skuldir í hlutfalli við eignir.*
7. *Eiginfjárhlutfall.*

Við útreikning á lykiltölum, sbr. 5. og 6. tölul., skal eftirlitsnefnd einnig hafa til hlið-
sjónar eignir og skuldbindingar sveitarsjóðs utan efnahags.

Við mat sitt á fjárhagsstöðu sveitarfélaga getur eftirlitsnefnd reiknað aðrar lykiltölur til
viðbótar lykiltölum, sbr. 3. mgr., og borið þær saman við viðmið.

5. gr.

8. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Eftirlitsnefnd skal setja sér vinnureglur um útreikning lykiltalna og samburð þeirra við viðmið sem nefndin setur sér og hefur til hliðsjónar við mat á fjárhagsstöðu sveitarfélaga.

6. gr.

10. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Telji eftirlitsnefnd við mat sitt á fjárhagsstöðu sveitarfélags, sbr. 11. gr., að forsendur fjárhagsáætlunar og/eða þriggja ára áætlunar séu óraunhæfar skal hún gera sveitarstjórn grein fyrir niðurstöðum sínum og taka tillit til þeirra við mat sitt á fjárhagsstöðu sveitarfélags.

7. gr.

11. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Á grundvelli samburðar lykiltalna og viðmiða, sbr. 6. og 8. gr., athugunar eftirlitsnefndar á þjónustustigi og framkvæmdaþörf sveitarfélags, sbr. 9. gr., forsendum fjárhagsáætlunar og þriggja ára áætlunar, sbr. 10. gr., möguleikum sveitarfélagsins til viðbótar tekjuöflunar og upplýsinga um fjárhagsstöðu stofnana, fyrirtækja og annarra rekstrareininga er falla undir b-lið 60. gr. sveitarstjórnarlaga, skal nefndin meta hvort grípa þurfi til aðgerða skv. III. kafla reglugerðar þessarar.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 74. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 31. október 2003.

Árni Magnússon.

Guðjón Bragason.

Nr. 830

31. október 2003

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 595, 8. ágúst 2003,
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2003/2004.**

1. gr.

Á 5. tl. 3. gr. verða eftirfarandi breytingar:

Í stað: „Innfjarðarrækja samtals 1.150“ komi: Innjarðarrækja samtals 1.450.

Í stað: „Þ.a. Arnarfjörður 450“ komi: Arnarfjörður 750.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 3. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 31. október 2003.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

